

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Borgarstjóri Jón Gnarr: Frú forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ber nú upp svohljóðandi tillögu: Stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og með tillögunni fylgir greinargerð. En tillagan er svohljóðandi:

Borgarstjórn samþykkir að stofna nýtt svið – skóla- og frístundasvið til að annast eftirtalda starfssemi í umboði skóla- og frístundaráðs.

1. Rekstur leikskóla í samræmi við lög um leikskóla nr. 90/2008.
2. Rekstur grunnskóla í samræmi við lög um grunnskóla nr. 91/2008.
3. Rekstur frístundamiðstöðva, félagsmiðstöðva, frístundaheimila og fleira.
4. Umsjón með daggæslu í heimahúsum skv. 34. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
5. Rekstur Námsflokka Reykjavíkur, skólasafnsmiðstöðvar og skólahljómsveita.
6. Umsjón og/eða eftirlit með starfssemi sjálfstætt starfandi leikskóla, grunnskóla, tónlistarskóla og myndlistarskóla, auk annarrar sambærilegrar starfsemi sem styrkt er af Reykjavíkurborg.
7. Skóla- og frístundasvið annist jafnframt umsjón og eftirlit með þjónustusamningi við þjónustumiðstöðvar í hverfum í tengslum við sérfræðiþjónustu til leik- og grunnskóla barna og frístundaráðgjöf.

Við stofnun skóla- og frístundasviðs verði núverandi menntasvið og leikskólasvið hluti af nýja sviðinu og teljast því vera lögð niður. Íþrótt- og tónstundasvið annist umsjón með eftirtöldum verkefnum í umboði íþrótt- og tónstundaráðs:

1. Íþróttamál þar með talin samskipti og samninga við íþróttahreyfinguna, Íþróttabandalag Reykjavíkur ÍBR og einstök íþróttafélög í Reykjavík.
2. Rekstur íþróttamannvirkja þ.m.t. sundlaugar og íþróttahús.
3. Rekstur skíðasvæða og skíðalyfta í hverfum.
4. Rekstur Hins hússins þ.m.t. vinnumiðlun ungs fólks, 17. júní, Músíktílaunir og starfsemi fyrir fötluð ungmenni eldri en 16 ára.
5. Rekstur Ylstrandar í Nauthólsvík og Sigluness.
6. Rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Bstj. 21. júní 2011

7. Umsjón með styrkjum til íþróttastarfs barna og unglinga og samskipti við æskulýðs og íþróttafélög. Enn fremur umsjón með Frístundakorti.

Jafnframt verði stjórn Fjölskyldu- og húsdýragarðsins lögð niður og málefni garðsins færð undir verksvið íþrótt- og tómstundaráðs. Stefnt verði að því að auka til muna samstarf milli Fjölskyldu- og húsdýragarðsins og Grasagarðsins í Laugardal til að gera svæðið enn meira aðlaðandi fyrir borgarbúa.

Staða sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs verði auglýst laus til umsóknar. Gerð verði krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi. Enn fremur verði krafist víðtækrar stjórnunarreynslu. Stöður sviðsstjóra mennta- og leikskólasviðs verði lagðar niður frá þeim tíma sem nýr sviðsstjóri tekur til starfa.

Settur verði á fót stýrihópur breytinganna undir forystu skrifstofu borgarstjóra. Í stýrihópnum verði stjórnendur frá sviðunum þremur. Ennfremur verði skipaður sérstakur ráðgjafahópur með fulltrúum úr háskólasamfélaginu sem hafi sérfræðipækkingu á sviði tómstundamála, kennslufræði, leikskólamála og uppeldisfræða. Ráðgjafahópurinn verði bakhjarl stýrihópsins hvað varðar fagleg málefni sem snerti starfsemi og skipulag nýja sviðsins.

Á vegum stýrihópsins verði skipaðir undirhópar til að annast eftirtalin verkefni:

1. Mannauðsmál, þ.e. samráð við stéttarfélög, leikreglur, viðmið við flutning starfa, kjaramál, nýjar starfslýsingar, fræðsla, upplýsingamiðlun til starfsmanna og þátttaka í mótun nýs sviðs.

2. Fjármál, það er undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012, skipting ramma milli ÍTR og nýs sviðs, hagræðingarkröfur og svo framvegis.

Sérstakur verkefnisstjóri verði jafnframt ráðinn tímabundið, í allt að sex mánuði, til að annast undirbúning og innleiðingu breytinganna í samráði við stýrihóp og á síðari stigum sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs.

Miðað er við að skipurit nýs sviðs verði lagt fyrir stjórnkerfisnefnd og borgarráð eigi síðar en 1. október næstkomandi og að breytingarnar verði komnar að fullu til framkvæmda þann 31. desember 2011.

Kostnaður við undirbúning breytinganna á árinu 2011, 10 mkr., verði tekinn af liðnum 09205, ófyrirséð. Gerð verði hagræðingarkrafa á miðlæga stjórnarsýslu nýs sviðs og ÍTR sem komi til framkvæmda á næstu þremur árum, 2012-2014.

Stofnaður verði starfshópur kjörinna fulltrúa og embættismanna til að meta ávinning þess að eftirfarandi starfsemi heyri undir íþrótt- og tómstundasvið:

1. Rekstur stærri íþróttahúsa skólanna. Þar er átt við þau íþróttahús sem eru nýtt til æfinga og keppna á vegum íþróttafélaganna.

2. Umsjón með batta- og sparkvöllum.

3. Umsjón með opnum svæðum til leikja og útivistar.

Bstj. 21. júní 2011

4. Starfsemi Náttúruskólans, þ.e. með sameiningu starfseminnar við Fjölskyldu- og húsdýragarðinn.
5. Umsjóna með rekstri skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins.

Starfshópurinn skili niðurstöðum eigi síðar en 31. desember 2011.

Ágæta borgarstjórn. Málafni barna og ungmenna eru öllum borgarfulltrúum ofarlega í huga og við erum öll sammála um að velferð þessa hóps á að vera í fyrirrúmi í þjónustu borgarinnar. Reykjavíkurborg hefur að ýmsu leyti staðið sig vel í þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Kannanir hafa sýnt fram á að íbúar eru almennt ánægðir með þjónustu grunnskóla, leikskóla og frístundaheimila borgarinnar svo helstu þjónustupættir séu nefndir. Engu að síður eru margir þeirrar skoðunar að hægt sé að gera ennþá betur og ég tel að með því að sameina þau svið sem að þjóna börnum í námi og frístundum að þá getum við bætt þjónustu við þennan hóp svo um munar. Markmiðið með stofnun nýs sviðs skóla- og frístundasviðs er þríþætt. Í fyrsta lagi að tryggja heildstæða þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra. Í öðru lagi að stuðla að sameiginlegri stefnumótun leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva í hverfum borgarinnar og auka samstarf á milli starfshópa. Í þriðja lagi að efla yfirsýn yfir málaflokkinn og auka hagkvæmni í rekstri.

Rökin fyrir stofnun nýs sameinaðs skóla og frístundasviðs eru ótal mörg. Útgjöld leikskólasviðs, menntasviðs og íþróttá- og tómstundasviðs nema 57% af rekstrarútgjöldum borgarsjóðs þegar að frá eru taldar afskriftir og fjármagnsgjöld. Með stofnun nýs skóla- og frístundasviðs er leidd saman þekking í því skyni að búa til nýtt og stærra afl en við höfum áður búið að. Nýtt skóla- og frístundasvið borgarinnar verður því 5000 manna svið sem mun einbeita sér að því að vinna að málafnum barna. Það þýðir að sviðið verður þar með stærsta eining landsins sem hefur umsjón með þessum málaflokki og hér sameinast því alveg gríðarlegur kraftur, ábyrgð og mikilvægi. Miðað við óbreyttan fjárhagsramma má áætla að árlegur rekstur skóla- og frístundasviðs muni nema um 30 milljörðum og að svið hafi á að skipa um 5000 starfsmönnum. Hægt verður að stuðla að aukinni samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur og því starfi sem hefur velferð fjölskyldna og barna að leiðarljósi.

Bstj. 21. júní 2011

Aukið samstarf í skipulagi skóla og frístundastarfs opnar enn fremur möguleika á þróun sveigjanlegs skóladags sem tæki mið af þörfum barna til hreyfingar, náms og vali í bland. Mikilvægt er að stuðla að áframhaldandi fagþróun í starfi frístundamiðstöðva og horfa til þess árangurs sem náðst hefur undir stjórn íþrótt- og tómstundasviðs. Með sameiginlegri stefnumótun skóla og frístundaheimila gefst kostur á að styrkja innra starf frístundaheimila og skapa starfsmönnum vettvang til frekari starfsþróunar. Sameiginleg stefnumótun stuðlar að því að sameina krafta ólíkra fagstétta og betra tækifæri gefst til að koma til móts við þarfir og áhuga hvers barns fyrir sig. Og vonandi mun starfsmönnum einnig gefast tími til að koma til móts við börn sem að ekki njóta sín til fulls í skipulögðu skólastarfi.

Ólík hugmyndafræði leikskólakennara, grunnskólakennara og frístundaráðgjafa stuðlar að víðara sjónarhorni og veldur því að nýjar hugmyndir fæðast. Að sama skapi verður til enn eftirsóknarverðari starfsvettvangur fyrir unga fagstétt frístundaráðgjafa og það er með heilsdagsstörfum sem snúa beint að starfi með börnum. Og þá er gert ráð fyrir að sameiginlegur rekstur leiði til meiri hagkvæmni í innkaupum og í betri nýtingu á húsnæði.

Samkvæmt stjórnskipulagi Reykjavíkurborgar starfa nú átta svið og ellefu skrifstofur innan borgarkerfisins. Ef litið er til stærri borga í þeim löndum sem Ísland er gjarnan borið saman við kemur í ljós að algengast er að þar starfi fimm til sjö svið. Nánast undantekningalaust er yfirstjórn leikskóla, grunnskóla og frístundamála sameiginleg, sú skipan þykir í senn fagleg og fjárhagslega hagkvæm. Í nær öllum sveitarfélögum landsins er sameiginleg yfirstjórn leik- og grunnskóla. Algengast er að fræðslu- og skólasvið sjái um rekstur frístundaheimila og jafnvel þótt sérstök íþrótt- og tómstundasvið séu til staðar í mörgum íslenskum sveitarfélögum er hefð fyrir því að frístundaheimilin séu rekin af fræðslusviðum.

Og ef við lítum til hinna Norðurlandanna er mismunandi fyrirkomulag á þessum málum. Í Osló tók menntasvið við frístundaheimilunum árið 2008, frístundaskólarnir reka almenna frístundaþjónustu við börn í 1.-4. bekk og sértæka þjónustu við fötluð börn í 1.-7. bekk. Önnur tómstundastarfsemi heyrir undir hverfismiðstöðvar og íþróttamálin eru á hendi umhverfissviðs. Í öðrum stærri

Bstj. 21. júní 2011

borgum í Noregi svo sem í Þrándheimi og Bergen er skipulag íþrótt- og tómstundamála svipað. Í Kaupmannahöfn eru íþrótt- og tómstundamál hluti af sviðinu „kultur og fritid“ og skóladagvistir tilheyra sviði sem kallast „börn og unge.“ Sviðið fer með yfirstjórn leikskóla og grunnskóla, félagsmiðstöðva, sérfræðipjónustu skóla og tannheilsu skólabarna og í Árósum er líka sama skipulag. Það eru Svíar sem hafa gengið hvað lengst fram í því að sameina stefnu og starfsemi skóla- og frístundaheimila. Þar í landi er markmið skóla- og frístundaheimila tíunduð í lögum um grunnskóla, leikskóla og frístundaheimili og nánar útlistuð í aðalnámskrá. Í Stokkhólmi eru frístundaheimili fyrir 6-9 ára börn og svo frístundaklúbbar fyrir 10-12 ára börn starfræktir undir fagsviði sem samsvarar menntasviði Reykjavíkurborgar.

Innleiðing tillögu um stofnun nýs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar gerir ráð fyrir að settur verði á laggirnar stýrihópur undir forystu skrifstofu borgarstjóra sem hafi yfirumsjón með breytingunum. Enn fremur verður stofnaður ráðgjafahópur með fulltrúum frá háskólasamfélaginu. Þá er gert ráð fyrir að ráðinn verði verkefnastjóri sem starfi að innleiðingu breytinganna í samráði við stýrihóp og skrifstofu borgarstjóra og á síðari stigum nýjan sviðsstjóra. Loks verða tveir undirhópar stofnaðir samhliða stofnun stýrihópsins, starfshópur um mannauðsmál og svo starfshópur um fjármál. Og til að tryggja að innleiðingin gangi hratt og örugglega fyrir sig er gert ráð fyrir að unnið verði samkvæmt viðurkenndum aðferðum á sviði breytingarstjórnunar meðal annars með virkri þátttöku þeirra starfsmanna sem verða fyrir hvað mestum áhrifum af breytingum. Í samvinnu við starfsmenn þarf að þróa nýjar hugmyndir, ýta úr vör áþreifanlegum verkefnum, breyta innra skipulagi, taka upp nýjar stjórnunaraðferðir og nota önnur verkfæri en áður. Og einnig er gert ráð fyrir að tryggt verði að starfsmenn séu upplýstir um þá vinnu sem fer fram hverju sinni og séu hluti af innleiðingafærlinu.

Ágætu borgarfulltrúar. Það er ekkert nýtt að leggja til samstarf á milli skólastiga. Eins og þið vitið þá er búið að samþykkja að sameina yfirstjórnir nokkurra leikskóla í Reykjavík. Einnig var samþykkt tilraunaverkefni í Árbæ sem fólst í að sameina yfirstjórn leikskóla, grunnskóla og frístundaheimilis og hefja undirbúning að samþættingu skóla- og frístundastarfs 6-9 ára barna í einu þjónustu hverfi haustið 2011. Nú þegar er mikil áhersla lögð á samstarfsverkefni á milli leikskóla

Bstj. 21. júní 2011

og grunnskóla sem og við stofnanir í grenndarsamfélaginu. Stefnur og starfsáætlanir menntasviðs, leikskólasviðs og íþróttá- og tómsundastarfs stuðla allar að þeirri framtíðarsýn óháð eða þvert á skólastig og að frístundastarf komi inn í skólalaginn. Í sameiginlegri verkefnaáætlun í menntamálum er sérstaklega kveðið á um eflingu samstarfs leik- og grunnskóla og tengsl skólastarfs við frístundir. Þar segir að á næstu fjórum árum ætli menntaráð að ryðja úr vegi hefðbundnum skilum á milli skólastiga og vinna markvisst að því að samþætta skóla- og frístundastarf. Með sameiningu leikskólasviðs, menntasviðs og frístundamála verður til fjölbreyttur faghópur sem vinnur að málefnum barna og unglunga. Og með því að blanda saman ólíkum fagstéttum er ætlunin að stuðla enn frekar að þróun vinnubragða og nýrrar vinnustaðamenningar. Tekið verður tillit til sérþekkingar þessa fagfólks og þess vettvangs sem það starfar innan þegar að einstökum verkefnum er fundinn staður í skipulag nýs sviðs. Við þá vinnu verður þess gætt að hugmyndafræði allra ofangreindra fagstétta fái notið sín.

Eins og áður hefur komið fram hafa sveitarfélögin í kringum okkur talið farsælast að sameina stefnumótun skóla og frístundaheimila. Og það er því óhætt að segja að tillagan um sameiginlega stefnumótun skóla og frístundaheimila samræmist vel reynslu annarra sveitarfélaga. Öll sviðin þrjú hafa unnið markvisst að þróun mælikvarða til að mæla gæði þjónustunnar, meðal annars með þjónustu- og starfsmannakönnunum. Þessir mælikvarðar munu verða nýttir í innleiðingaferli þessa nýja sviðs og þess vandlega gætt að bregðast við neikvæðum breytingum í niðurstöðum ef til þess kemur. Og einnig höfum við líka gott tækifæri til að læra af reynslu nágrannaþjóðanna, horfa á það sem jákvætt er og þess sem að þarf að gæta að.

Árangur, líðan og félagsleg færni barna og unglunga er sameiginlegt verkefni okkar allra. En þeir sem starfa á þessum þremur sviðum eiga ríkari þátt en margur annar í að hlúa að velferð þessa hóps. Við hjá borginni höfum yfir að ráða frábæru starfsfólki sem vinnur mjög gott starf, það hafa kannanir margsinnis sýnt og mikil ánægja er með gæði þjónustu leikskóla, grunnskóla og frístundaheimila borgarinnar. Og það er enginn vafi í mínum huga að þetta nýja svið það færir okkur tækifæri til þess að gera jafnvel ennþá betur. Takk fyrir.

Bstj. 21. júní 2011

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Kjartan Magnússon.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Kjartan Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Eðlilegt er að stjórnkerfi Reykjavíkurborgar sé í sífelldri endurskoðun og mótun svo það gegni því hlutverki sínu að þjóna borgarbúum sem best. Við breytingar á stjórnkerfinu er hins vegar mikilvægt að vandað sé til vinnubragða í hvívetna, ítarlegt samráð haft við hagsmunaaðila og kostir hins fjölskipaða stjórnvalds nýttir. Ef vönduð vinnubrögð við stjórnsýslubreytingar eru viðhöfð eykur það líkurnar á að vel takist til og þjónustan batni gagnvart almenningi. Ef illa er staðið að málum er hins vegar hætt á að þjónustan versni og ráðast þurfi í dýrar breytingar eftir á þar sem fyrri breytingar voru illa ígrundaðar eða á sandi byggðar.

Ekki er hægt að fallast á fyrirliggjandi tillögu borgarstjóra um stofnun nýs skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar vegna þess hve illa hefur verið unnið að málinu og óskir um eðlilegt samráð við minnihluta borgarstjórnar og hagsmunaaðila í borginni hunsaðar. Hvergi koma fram áþreifanlegar vísbindingar um hve mikilli hagræðingu umræddar tillögu munu skila í fjármunum talið. Þá hefur formlegum fyrirspurnum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mörg grundvallar atriði málsins sem lagðar voru fram á aukafundi menntaráðs og í borgarráði í apríl ekki enn verið svarað. Það er miður að svona skuli vera staðið að málum, því að í sjálfu sér þá koma fram margar athyglisverðar tillögur í fyrirliggjandi greinargerð borgarstjóra – tillögur og hugmyndir um þróun skóla- og frístundastarfs í borginni sem efna hefði átt til ítarlegra umræðna um á vettvangi fagraða borgarinnar, í stjórnkerfisnefnd í samráði við starfsfólk og aðra hagsmunaaðila áður en tillögur um slíkt eru samþykktar af borgarstjórn. Og þarna nefni ég til dæmis tillöguna um aukið samstarf eða jafnvel samruna skóla og frístundaheimila. Það er rétt sem borgarstjóri sagði hér áður, víða hefur raunin orðið sú að þessir þættir hafa verið sameinaðir og ég hef kynnt mér slík mál bæði hér í öðrum sveitarfélögum og á Norðurlöndum. En ég fullyrði að í öllum þeim tilvikum var mun betur staðið að málum þar sem um samruna var að ræða heldur en hér og nú. Og það eru auðvitað grundvallaratriði þegar að svona hugmyndir eru rædda að það fari í gegnum ákveðið ferli.

Bstj. 21. júní 2011

Og það má nefna fleiri athyglisverðar hugmyndir, það er ekki bara samrekstur skóla- og frístundaheimila, félagsmiðstöðva heldur einnig hvernig markmiðum um samfelldan skóladag verði sem best náð. Hvernig umsjón með íþróttavöllum og leiksvæðum barna verði sem best háttáð hjá borginni og svo framvegis. Æskilegt er að umræður eigi sér stað um öll slík atriði og kostir og gallar við breytt fyrirkomulag metnir sérstaklega áður en ákvarðanir eru teknar um hvernig þessum málum verður háttáð til frambúðar, áður.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins lýsa sig reiðubúna nú sem fyrr til að taka þátt í slíkri vinnu. Ætla mætti að meirihluti Samfylkingar og Besta flokksins hefði lært af því hversu illa hefur verið staðið að breytingum á skólahaldi í borginni síðastliðinn vetur, en það virðist öðru nær. Skóla- og frístundastarf í Reykjavík er í uppnámi vegna vanhugsaðra stjórnkerfisbreytinga meirihlutans. Óvönduð vinnubrögð, mikill flýti og lítið samráð við hagsmunaaðila hafa einkennt þær breytingar á skólahaldi í borginni sem meirihlutinn hyggst ná fram og hið sama gildir um breytingar á frístundastarfi.

Á sama tíma og meirihlutinn samþykkti umfangsmiklar breytingar á skólahaldi þrátt fyrir mikla andstöðu borgarbúa komu fram nýjar breytingatillögur á yfirstjórn þess málaflokks, sem ber hitann og þungann af þjónustu við börn og ungmenni í frítíma. Tillögurnar voru lagðar fram á fundi borgarráðs 14. apríl og var ætlun meirihlutans sú að afgreiða þær á fundi borgarstjórnar aðeins fimm dögum síðar án nokkurra umræðna eða aðkomu viðkomandi fagraða, þ.e. íþrótt- og tómstundaráðs og menntaráðs, þrátt fyrir að áskilið sé að umrædd ráð séu borgarráði og borgarstjórn til ráðgjafar í umræddum málaflokkum. Tilgangurinn með þessum flýti var einnig augljóslega sá að koma í veg fyrir að nokkurt samráð gæti átt sér stað við starfsmenn og helstu hagsmunaaðila áður en tillögurnar væru samþykktar, þ.e.a.s. notendur þjónustunnar, foreldrar og starfsfólk. Einungis fyrir einarða kröfu Sjálfstæðisflokksins og Vinstri grænna var haldinn stuttur aukafundur í umræddum ráðum áður en tillaga um stofnun nýs sviðs var samþykkt á borgarstjórnarfundi 19. apríl. En eins og gefur að skilja var á þeim fundum hvorki um vandaða né ítarlega umfjöllun að ræða, hvað þá að svarað væri fjölmörgum spurningum sem kjörnir fulltrúar í viðkomandi ráðum eða starfsmenn vörpuðu fram. Engin formleg vinna átti sér því stað í umræddum fagraðum né í

Bstj. 21. júní 2011

stjórnkerfisnefnd um þessar breytingar áður en þær voru lagðar fram með hroðvirknislegum hætti fyrir borgarstjórn og samþykktar þar þrátt fyrir að málið væri vanreifað.

Við sjálfstæðismenn mótmælum þessum vinnubrögðum og bendum á að með þeim var veikur grunnur lagður að áframhaldandi vinnu málsins, eins og nú hefur komið í ljós. Í stað samráðs og samvinnu við minnihluta borgarstjórnar og fjölmarga hagsmunaaðila í frístunda- og skólastarfi kýs meirihlutinn áframhaldandi leið leiftursóknar og samráðsleysis við stjórnkerfisbreytingar. Sjálfsögðum tillögum um að leita skuli eftir samráði við notendur þjónustunnar, grasrótarsamtök og starfsfólk eru afdráttarlaust felldar og sýnir það að meirihlutinn treystir sér ekki til að bera tillögur sínar undir helstu hagsmuna aðila og freista þess þannig að ná sátt um þær. Óttast meirihlutinn greinilega að sagan frá því síðastliðinn vetur endurtaki sig, þegar þúsundir reykvískra foreldra risu upp og mótmæltu vanhugsuðum tillögum í skólamálum. Eins er greinilegt að formaður stjórnkerfisnefndar vill af klókindum sínum hraða ferlinu eins og hægt er og lágmarka umræður um umræddar breytingar, enda fela þær í sér verulegan tilflutning verkefna frá sviði sem stjórnað er af borgarfulltrúa Besta flokksins til sviðs sem stýrt er af borgarfulltrúa Samfylkingarinnar.

Ef tími væri til væri fróðlegt að líta á ýmsar stjórnkerfisbreytingar í fortíðinni, jafnvel minni háttar stjórnkerfisbreytingar sem áttu sér stað á síðasta kjörtímabili og rifja upp langar ræður og athugasemdir borgarfulltrúa Samfylkingar við meint samráðsleysi sem þá var haft, og ef að þær ræður eru lesnar núna þá mundi vel sjást að allar þær ræður voru innantómar og merkingalausar þegar að litið er til þeirra vinnubragða sem Samfylkingin kýs að viðhafa nú, þegar um miklu stærri breytingar er að ræða og snerta miklu fleiri. Það er auðvitað mikilvægt að ná fram frekari hagræðingu í borgarkerfinu. En slíkt þarf að gerast í sem víðtækastri sátt við borgarbúa og starfsfólk eins og gert var í tíð síðasta meirihluta undir stjórn Sjálfstæðisflokksins.

Á sama tíma og núverandi meirihluti sker niður í grunnþjónustu við borgarbúa og hækkar skatta virðist honum fyrirmunað að ná nokkurri sátt um mikilvæga þætti í starfsemi borgarinnar enda skynja borgarbúar að ekki er gengið fram af festu og yfirsýn og ekki er af alvöru reynt að lækka kostnað við sjálft kerfið. Tillögur

Bstj. 21. júní 2011

borgarstjóra bera það með sér að þær eru án heildarhugsunar um það hvernig spara megi og án alvöru heildarhugsunar um það hvers vegna talið er rétt að sameina alla þjónustu vegna menntunar og frístundar barna og ungmenna í eitt svið á meðan að svið sem tengjast framkvæmdum, skipulagi, samgöngum og fleiru starfa enn samkvæmt óbreyttu skipulagi. Og það væri ágætt að fá hreinskilningslega umræðu um það hér í borgarstjórn hvert framhaldið verður á þessu máli.

Það er ekki mikill vandi fyrir borgarstjóra að mæta hingað og lesa upp þessa löngu tillögu og glefsur úr greinargerð með henni. En það er auðvitað tilgangurinn hér í borgarstjórn að menn geti skipst á skoðunum ekki síst um framtíðina og þess vegna langar mig til að beina því til borgarstjóra og fá endilega svör um það hvaða fjárhagslegi ávinningur er það sem við reiknum með að við getum náð út úr þessum tillögum. Við sjálfstæðismenn höfum spurt þessarar spurningar alveg frá því í apríl og þangað til þetta mál byrjaði og ég trúi ekki öðru en því að hin öfluga skrifstofa borgarstjóra hér í Ráðhúsinu að hún sé kominn með einhverja svona grófa hugmyndir um það hverju þessar tillögur eigi að skila, hverju þær eigi að spara okkur í peningum. Ég heyri að borgarstjóri, hann er búinn að fá tölur um það hvað þetta verður stórt svið, bæði í starfsmönnum og peningum talið. Það hljóta að vera komnar fram einhverja hugmyndir um það hvaða fjárhagslega ávinningi þetta eigi að skila. Það verður auðvitað fróðlegt að heyra það sem sagt er að nú eigi menn að einbeita sér að þjónustu við börn og ungmenni.

Hver er pælingin? Á að segja upp fólki? Á að hagræða í störfum? Fyrstu fjöldauppsagnir í borgarkerfinu voru í vetur, er von á frekari fjöldauppsögnum? Hvað er næst á dagskrá í þessum málum? Hvernig ætlum við að sjá rekstur borgarkerfisins fyrir okkur til framtíðar? Það verður erfitt að fá upplýsingar um slíkt út úr meirihlutanum og ég held að ekki bara við borgarfulltrúar heldur bara allir borgarbúar eigi það skilið, eigi heimtingu á því, að heyra hver framtíðarpælingin er í þessu. Erum við að stefna að borgarkerfi þar sem að er eitt súpersvið? Þar sem að eitt ofursvið upp á 5000 starfsmenn, gífurlega stórt svið, sem fer með helming útgjalda borgarinnar? Og á að sameina hin svokölluðu hörðu svið líka; umhverfissvið, skipulagsvið, framkvæmdasvið? Sjá menn fyrir sér að það verði fjögur svið? Sjá menn fyrir sér að það verði eitt súpersvið, það verði eitt

Bstj. 21. júní 2011

hart svið, verða síðan tvö minni svið; íþróttasvið og þá menningarsvið? Hvernig verður þetta í framtíðinni? Það væri kannski ágætt að heyra um þetta eitthvað frá formanni stjórnkerfisnefndar. Hann er búinn að þæla í þessum málum auðvitað árum saman, er orðinn hagvanur í því starfi og stjórnkerfisbreytingum. Það hlýtur að vera farið að örla á einhverri heildarhugsun hjá meirihlutanum varðandi þessi mál sem væri gott að fá upplýsingar um hér í sölum borgarstjórnar.

Ég held að við verðum að hafa það í huga þegar að við ræðum hvað æskilegt að sviðin séu mörg. Þá eru sviðin fyrst og fremst sköpunarverk manna. Það er svolítið ódýrt að segja að sviðin eigi að vera svo og svo mörg, þ.e.a.s. erlendis séu fjögur svið oft hjá borgum og þess vegna eigum við að hafa fjögur svið. Auðvitað er það bara túlkunaratriði hverju sinni hvort við köllum hóp starfsmanna sem vinnur að sama markmiði, hvort við köllum hann skrifstofu, hvort við köllum hann svið, hvort við köllum hann deild eða geira. Auðvitað væri ekkert mál að hafa bara eitt svið hjá borginni, það gæti verið bara eitt borgarsvið það væri í sjálfu sér, en þá væru auðvitað bara fleiri skrifstofur og deildir.

Ég vil líka segja það við þetta tækifæri að það sem ég tel þó gott við þær stjórnkerfisbreytingar sem hafa orðið hjá borginni það er það, að nú hefur stærsti hluti af starfsemi borgarinnar, stjórnkerfi borgarinnar hefur flutt inn í eitt hús í Borgartúni. Ég tel það í sjálfu sér vera til bóta. Mér finnst nú þegar kominn fram ákveðinn ávinningur af því að mörg svið eru komin inn í Borgartún, því að þá eru margir starfsmenn sem áður þurftu að eiga samskipti milli sviða, þeir eru farnir að eiga samskipti bara í sama húsi, hittast í hádeginu og svo framvegis. Ég held að það sér strax orðinn ákveðinn ávinningur af þessu, en ég ætla að vona að þeim ávinningi verði ekki fórnað með slægum vinnubrögðum og mjög hroðvirknislegum stjórnkerfisbreytingum eins og hér gæti stefnt í.

Mér finnst líka mikilvægt, því að hér í salnum eru margir nýir borgarfulltrúar. Borgarfulltrúar sem hafa nú starfað eitt ár á vettvangi borgarstjórnar, til hamingju með það. Hins vegar er það þannig að borgarkerfið er stórt og margflókið og það getur tekið mann langan tíma að átta sig á því til fullnustu. Ég veit ekki hvort ég sjálfur er búinn að því ennþá, en ég held samt og vil beina því til þeirra borgarfulltrúa sem hafa starfað hér styst að skoða málin sjálfur og mynda sér sjálfstæða skoðun á því, en láta ekki draga sig út í að styðja einhverja tillögu sem

Bstj. 21. júní 2011

Þeir hafa ekki kynnt sér til hlítar og treysta þeim sem reyndari eru bara í blindni með það. En eins og ég segi þá hafa þessar tillögur ekki hlotið viðhlítandi málsmeðferð og við það gerði ég harða athugasemd.

Það var til dæmis mjög óþægilegt fyrir okkur sem störfum og sitjum í menntaráði og íþróttá- og tómsundaráði, að þegar við vorum að fjalla um þessar tillögur í apríl og sátum í rauninni einn daginn á margra klukkutíma fundum til þess að ræða þessi mál, þá er ég að tala um skólatillögurnar, það var verið að samþykkja umsagnir um tillögurnar um skólahaldið að þá var hér í rauninni bara á bak við tjöldin verið að vinna að þessum tillögum um stofnun þessa sviðs og að færa verkefni frá ÍTR til þessa nýja sviðs, og þeirri vitneskju var haldið leyndri fyrir okkur fulltrúum í þessum ráðum. Það var ekki fyrr en eftir fundinn þegar búið var að ræða skólatillögurnar að þeirri vitneskju var komið til okkar að nýjar tillögur lægju fyrir. Auðvitað hefði þetta átt að ræðast í samhengi ef vel hefði verið staðið að málum, en svo var ekki gert.

En þrátt fyrir að ekki hafi gefist mikill tími og þetta hafi ekki verið sett í eðlilegan farveg og menn geta ekki skáskotið sér undan ábyrg með því að segja að núna þegar að verið er að samþykkja tillögurnar að þá verði hagsmunaaðilum og starfsmönnum, að þá verði þeim boðið að borðum til að ræða þetta. Að sjálfsögðu er það alvöru samráð þegar að mönnum er boðið að borðinu áður en svona veigamiklar tillögur eru samþykktar.

En ýmsir hafa þó brugðist vel við og ég vil nefna forstöðumenn frístundamiðstöðva ÍTR, þeir brugðust við og hafa skilað umsögnum um þessar fyrirhuguðu stjórnkerfisbreytingar. Þeir benda á það í sinni umsögn að frístundamiðstöðvar hafa á undanförunum árum byggt upp heildstæða frístundapjónustu fyrir börn, unglinga og hverfisbúa árið í kring með góðum árangri. Skipulag og uppbygging frístundamiðstöðvanna er að mörgu leyti einstök, eins og ég hef bent á, þar sem stjórnun starfsins er á einum stað en starfsemi fer víðsvegar fram í hverfum borgarinnar. Í framtíðarsýn sem unnin var af starfsfólki og stjórnendum frístundamiðstöðva og lögð var fyrir íþróttá- og tómsundaráð 11. mars sl. var lagt til að frístundamiðstöðvar héldu áfram að þróa starfsemi sína út frá núverandi skipulagi og jafnframt að eðlilegt væri að stuðla að sameiningu á frístunda- og menningarstarfsemi á vegum borgarinnar úti í

Bstj. 21. júní 2011

hverfunum. Þegar að tillögurnar í menntmálunum voru unnar gerðu forstöðumenn frístundamiðstöðva alvarlega athugasemd við það hvað það var lítið samráð haft við þá og þeir óskuðu því sérstaklega eftir því að samráð yrði haft við þá um stjórnkerfisbreytingar, allar breytingar sem tengdust starfsemi frístundamiðstöðvanna. Og þeir benda á að á fundi ÍTR hinn 25. mars sl. þá hafi þeim verið lofað því af fulltrúum meirihlutans að um slíkt samráð yrði að ræða.

Vinnubrögðin nú sýna að loforð fulltrúa Besta flokksins og Samfylkingarinnar í þessum efnunum voru innantóm og merkingalaus. Fulltrúar þessara flokka telja sig ekki þurfa að kynna sér skoðanir fulltrúa starfsfólks né notenda þjónustunnar áður en slíkar ákvarðanir eru teknar. Um er að ræða ákvarðanir sem gætu haft mikil áhrif á starfsumhverfi um 800 borgarstarfsmanna og auðvitað tugþúsunda ungra Reykvíkinga og foreldra þeirra. Ákvörðunin um að sameina skólustarf og frístundastarf undir einu sviði vekur eðlilega upp fjölmargar spurningar og álitaefni sem rétt hefði verið að ræða og leita svara við áður en ákvörðunin er tekin eða ráðist í frekari útfærslu samkvæmt þegar samþykktum tillögum. Eðlilegt hefði verið að stilla upp ólíkum kostum um hugsanlega sameiningu sviða og deilda, og greina kosti og galla í samráði við starfsfólk og stjórnendur, en ræða þetta ekki allt í belg og biðu eins og nú er.

Á síðasta kjörtímabili voru mörg skref stigin í átt að samþættingu skóla- og frístundastarfs í Reykjavík. Umræður fóru fram um að sameina rekstur frístundaheimila og grunnskóla og var ákveðið að gera tilraunir á því sviði á Kjalarnesi og í Úlfarsárdal. Ákveðið var að reynslan af umræddum tilraunum yrði höfð til hliðsjónar áður en frekari ákvarðanir væru teknar. Og var því jafnframt heitið að um allar slíkar hugmyndir yrði haft náið samráð við starfsfólk frístundaheimila og aðra hagsmunaaðila. Nýr meirihluti kýs hins vegar að eiga ekkert slíkt samráð og þykir mér það miður, því að eins og hefur komið fram þá tel ég persónulega að það séu ýmsir skemmtilegir möguleikar á því sviði.

Forstöðumenn frístundamiðstöðva hafa áhyggjur af því að hugmyndafræði, starfsemi og skipulag frístundamiðstöðva fái ekki meðbyr á nýju sviði enda sé starfsemin ekki lögbundin. Ljóst er að nýtt svið verður langtum stærra en öll önnur svið borgarinnar og getur slík stærð leitt til þess að erfiðara verði að koma við sveigjanleika og skjótri ákvarðanatöku en nú er. Þá benda þeir á að óljóst sé

Bstj. 21. júní 2011

hvaða starfsemi innan skrifstofu tómsundarmála eigi að fara undir hið nýja svið. Komið hafa fram áhyggjur að sviðið verði of skólamiðað og ekki verði tekið nægilegt mið af þeim gildum sem frítíminn grundvallar starfsemi sína á.

Rannsóknir sýna að breytingar eru mun líklegri til að ganga eftir og heppnast ef starfsfólki er gert kleift að taka þátt í breytingarferli frá byrjun og vera með í skipulagningu, tillögumótun og framkvæmd. Forstöðumenn frístundamiðstöðva hafa nú ítrekað óskað eftir samstarfi við meirihluta borgarstjórnar um slíkar breytingar, en hafa talað fyrri daufum eyrum. Óttast margir þeirra að hið góða starf sem frístundamiðstöðvar hafa þróað undanfarin ár fari forgörðum í stjórnkerfisbreytingunum. Hér skal tekið undir mörg atriði sem fram koma í umsögn forstöðumanna frístundaheimilanna. Rétt er að taka fram að áhyggjur þessara forstöðumanna eru hinar sömu og fram hafa komið í samtölum við fjölmarga aðra starfsmenn borgarinnar og foreldra sem kynnt hafa sér umræddar tillögur á undanförunum vikum. Það háir þó mjög umræðum um málið að formlegra umsagna hefur ekki verið leitað hjá hagsmunaaðilum sem er algjörlega óviðunandi eins og áður segir. Eðlilegt hefði verið að leita eftir slíkum umsögnum og efna til víðtækra umræðna um þróun og framtíðarsýn í umræddum málaflokkum áður en breytingartillögur væru samþykktar. Hefði með góðu móti gefist tími til þess með tilliti til að ekki er gert ráð fyrir að nýtt svið taki til starfa fyrr en 1. janúar 2012.

Ég óska sem sagt eftir að menn ígrundi þetta og óska eftir að fá svör við þeim spurningum sem ég hef beint til borgarstjóra hér á fundinum. Ég vona að borgarfulltrúar taki undir það að það þarf að vinna þetta mál miklu betur og hafa um það raunverulegt samráð. Sé þannig staðið að málum þá geri ég mér góðar vonir um það að við getum þróað hið stóra stjórnkerfi Reykjavíkurborgar áfram í átt að því að það þjóni íbúum og ekki síst börnunum í borginni enn betur en það gerir nú.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Kjartan Magnússon lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Sú tillaga sem að hér er til umræðu á að bæta þjónustu við börnin í borginni. Ég efast um að hún muni gera það enda tel ég hana vera illa undirbúna og algjörlega óskiljanlega þegar starfsemi þeirra sviða sem um ræðir er skoðuð og greind. Menntun og frístundir eru ill- ef ekki ósamræmanlegir hlutar lífsins. Menntun er vinna. Vinna barnanna okkar er menntun og þegar þau eru ekki í vinnu þá eiga þau frí. Frístundir eru sjálfstæður og mikilvægur hluti lífs okkar. Þær eru sjálfsagður og mikilvægur hluti. Það er það sem starfsfólk ÍTR hefur gert sér grein fyrir í gegnum tíðina, þessi sjálfstæði hluti lífsins sem eru frístundir og starfsfólk ÍTR hefur byggt alla sína vinnu á þessu leiðarljósi í þjónustu við börn, unglinga og ungmenni í Reykjavík á undanförunum áratugum.

Áratugum segi ég, vegna þess félagsmiðstöðvar eru jafngamlar mér. Þær eru að verða miðaldra. Þær eru 37 ára í ár. Frístundaheimilin eru 10 ára og ég geri ráð fyrir að Hitt húsið sé nálægt tvítugu. ÍTR hefur á þessum langa tíma verið að þróa þjónustu við fleiri aldurshópa, enda eru frístundir mikilvægar fyrir fólk á öllum aldri, þó við sem einstaklingar gerum okkur misvel grein fyrir því og séum misflink í að njóta hans. Upphaflega var ákveðið að þjónusta bara unglinga. Við það bættust svo ungmenni og loks yngri börn. Framtíðarsýn forstöðumanna frístundamiðstöðva er að geta þjónustað fólk á öllum aldri, að geta þjónustað fjölskyldur í heild sinni og séð um félagsstarf eldri borgara. Starfsfólk á skrifstofu tómsundamála er nefnilega sérhæft í skemmtilegri frítíma fyrir alla.

En forseti, nú á að koma í veg fyrir frekari þróun á þessu sviði. Nú á að binda þjónustu borgarinnar við aldurshópa en ekki eðli þjónustunnar sem verið er að veita hverju sinni. Það á að fara frá hugmyndafræðinni um fagsvið yfir í aldursskiptingu sviða. Frístundastarf fyrir börn á aldrinum 6-16 ára á að fara inn á nýtt sameiginlegt svið og restin verður skilin eftir. Heildin sem byggst hefur upp, heild frístunda frá Siglunesi, vestur í bæ og upp á Kjalarnes fyrir breiðan aldurshóp sem helst átti að breikka enn frekar, sú heild verður nú rofin og börnin slitin frá til að þjóna hugmyndafræði meirihlutans um menntun og frístundir í einni bendu. Nú á að skella frístundunum inn í skólana, helst undir skólastjórana,

Bstj. 21. júní 2011

Þar sem aldagamlar hefðir menntavísindanna munu ríkja jafnvel þótt fyrirheit um annað séu fögur. Frístundafræðingar hafa ekki haft raunveruleg áhrif í undirbúningsvinnunni, það vitum við, og þau munu ekki heldur hafa raunveruleg áhrif í sameinuðum starfseiningum og ekki inni á sameinuðu sviði.

Það er nefnilega ekki nóg að taka tillit til sérþekkingar fólks, eins og borgarstjóri talaði um hér áðan. Hana ber að virða og hún þarf að fá að njóta sín. Hefði það verið raunverlegur vilji meirihlutans að taka mið af sérþekkingu frístundafræðinga og hefði meirihlutinn raunverulega tekið mið af sérþekkingu frístundafræðinga þá hefði þessi tillaga aldrei litið dagsins ljós, enda hafa frístundafræðingar mælt gegn þessari tillögu af miklum krafti. Hugmyndafræði skólanna varð ofan á strax í haust og hún verður áfram ofan á. Það er staðreynd sem ekki allir eru tilbúnir til að horfast í augu við.

En forseti, hugmyndafræðin er ekki bara á reiki og allrar gagnrýni verð, heldur hafa vinnubrögðin verið til háborinnar skammar. Tillagan er nýtilkomin, hún virðist byggja á skyndihugdettu í flóknu og mjög erfiðu sameiningarferli, rétt eins og ekki sé nóg komið af auknu álagi á starfsfólk þessara sviða nú þegar. Þessi tillaga liggur hér til samþykktar og á að framkvæmast á næstu mánuðum, jafnvel þótt ítrekað hafi verið óskað eftir frekari upplýsingum og rökstuðningi. Ef við skoðum fyrirætlanir meirihlutans varðandi önnur svið, þá vakna upp spurningar fyrir virðingunni gagnvart ólíkum viðfangsefnum borgarinnar, fyrir ólíkri þjónustu borgarinnar og fyrir ólíkum þörfum borgarbúa, enda hefur öðrum stjórnkerfisbreytingum ítrekað verið frestað.

Ársgamlar hugmyndir um umhverfis- og auðlindaráð og skipulags- og samgönguráð liggja enn ofan í skúffu, þær eru þar til skoðunar og frekari útfærslu og þær hafa ekki ennþá komið til framkvæmda. Eðlilega. Breytingum skúbbar maður ekki bara í gegn bara sisvona. Ekki einu sinni þótt það sé meirihluti fyrir þeim. Þær breytingar sem verið hafa til skoðunar þetta undanfarna ár þær varða ekki einstaklinga beint. Þær eru meira efnislegar, þær varða vissulega starfsfólk og auðvitað þjónustuna að einhverju leyti, en ekki þjónustu sem lýtur beint að einstaklingum. Sú tillaga sem hér hefur verið fleygt í fangið á okkur varðar aftur á móti þjónustu við einstaklinga og það við yngstu einstaklinga borgarinnar, börnin sem eiga betra skilið. Þær breytingar sem hafa verð til skoðunar undnafarið ár,

Bstj. 21. júní 2011

Þær lúta ekki að risastórum sviðum. Þær lúta að smávægilegum tilfærslum á afmörkuðum málaflokkum og krefjast endurskoðunar á málsmeðferð fyrst og fremst. Hraðsuðutillaga meirihlutans í dag snýst aftur á móti um stofnun risavaxins sviðs sem vandséð er að geti veitt almennilega þjónustu. Stærðin mun án efa hafa mikil áhrif, bæði faglega og pólitískt og það er mjög hætt við því að einhverjir málaflokkar verði undir. Hvaða málaflokkar skyldu það nú vera?

Breytingar þarf að vinna í sátt og þær krefjast mikillar yfirlegu. Breytingar sem knúnar eru í gegn með meirihlutavaldi eru dæmdar til að mistakast og þær kalla jafnvel á enn frekari breytingar í framhaldinu, alla vega þegar starfstíma viðkomandi meirihluta lýkur. Það er engum til góðs, hvorki pólitíkinni, starfsfólkinu né borgarbúum.

Við Vinstri græn teljum eðlilegt og sjálfsagt að sameina leik- og grunnskóla á einu sviði. Starfsemi beggja sviða snýst í dag um menntun, um alla þá menntun sem borginni ber að veita. Þannig gæti sviðið áfram staðið undir nafni sem fagsvið; fagsvið menntamála. Ekkert svið verður til, ef tillagan verður samþykkt hér í dag, það verður ekkert svið til um frístundir, frístundastarfi verður dreift enn frekar, frístundir barna verða á nýja sviðinu, frístundir ungmenna verða á íþrótt- og tómstundasviði og frístundir aldraðra á velferðarsviði. Frístundir sem að Siglunes býður upp á verða jafnframt á íþrótt- og tómstundasviði enn sem komið er, en enginn veit hvað meirihlutinn hyggst fyrir í þessum efnum. Það er hæpið að búast við að frekari framþróun ef að þessi tillaga verður samþykkt hér, enda kemur hvergi til með að eiga sér stað sameiginlegur vettvangur frístundafræðinga til þess að ræða og þróa áfram þau störf sem unnin hafa verið fram til þessa. Þannig verður að teljast hæpið að þjónusta við fjölskyldurnar í borginni verði þróuð frekar. Að aukin samfella eigi sér stað í frístundaþjónustu við börn og upp í aldraða rétt eins og markmiðið er að sameina leikskóla og grunnskóla í aukna samfellu í menntun allra þeirra sem okkur ber að mennta, þá geri ég ekki ráð fyrir því að það verði aukin samfella í frístundaþjónustu við fólkið í þessari borg.

Ég gæti haldið hér lengi áfram enda heitt í hamsi yfir þessari tillögu. Mér finnst meirihlutinn í Borgarstjórn Reykjavíkur vera hér enn eina ferðina að knýja í gegn vanhugaða tillögu sem ekki er neinum til góðs nema mögulega til þess að þóknast metnaði einhverra einstakra borgarfulltrúa hér inni. Ég mun greiða

Bstj. 21. júní 2011

atkvæði gegn þessari tillögu og við munum hér eftir sem hingað til beita okkur gegn því að frístundastarf verði tætt í sundur og að áfram verði unnið að því að auka veg og virðingu frístundastarfs í borginni.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Næst á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu hér í dag mikið enda höfum við tekið hana með einum eða öðrum hætti nokkuð oft hér á þessum vettvangi. Fyrst og síðast vil ég taka undir með Kjartani Magnússyni og Sóleyju Tómasdóttur í þeirra yfirferð. Við erum auðvitað missammála um það hvort það er rétt að framkvæma verkefnið, hvort það er rétt að færa þetta undir sama hatt allt saman. Ég hef um það verulegar efasemdir að hafa grunnskólamál, leikskólamál og frístundamálin öll undir sama hatti og tel að það sé vanhugsað og tel einnig að það geti skaðað smærri málaflokka hjá þessu sviði. Og mér varð nú hugsað til þess þegar borgarstjóri las hér samviskusamlega upp áðan tillöguna og greinargerðina hversu flókið þetta er einungis á blaði og ennþá flóknara verður það í framkvæmd. Þannig að ég held að hér sé á ferðinni vanhugsuð leið, ekki bara við þessa breytingu hér núna heldur líka þegar ákveðið var að sameina leikskóla- og grunnskólasviðin undir eina stjórn. Og ég held að við höfum verið að súpa af því seyðið í allan vetur í kringum ákvarðanatöku við sameiningu skóla og leikskóla þar sem mun minna tillit á endanum virtist vera tekið til leikskólanna, og ég er ansi hrædd um að þetta muni bitna á frístundastarfinu hvernig er haldið á málum hér.

En óháð því, vegna þess að við erum búin að fara yfir það margoft, þá vil ég einnig nefna það og það er það sem að ég held að komi verst við flesta í þessu ferli. Vegna þess að stundum er það jú þannig að einfaldlega er ágreiningur um leiðir og þá endar það yfirleitt þannig að meirihlutinn ræður, allavega í tíð þessa meirihluta hafa vinnubrögðin verið þannig. Þá held ég að aðferðin sem hér er notuð sé algjörlega afleit. Ég held að öll vinnubrögð í kringum þetta verkefni sýni það og sanni að þessum meirihluta er einfaldlega fyrirmunað að vanda sig við málsmeðferð, fyrirmunað að vinna hlutina þannig að það sé hægt að ná sátt um það sem hægt er að ná sátt um heldur virðist línan vera sú hjá þessum blessaða meirihluta hér í Reykjavík að stefna í átök ef það er nokkur leið. Og ef það er ekki leið í gegnum eðlilega kanala, nú þá er það gert þannig að minnihlutanum í þessu tilviki eða þá starfsfólki Reykjavíkurborgar eru tilkynntir hlutirnir með þeim hætti að það er algjörlega óviðunandi og það var í þessu tilviki algjörlega.

Bstj. 21. júní 2011

Og mér finnst bæði hvernig var farið eða gengið fram í þessu máli gagnvart þeim sem leiða þessi verkefni hér á vettvangi borgarinnar og hafa gert það lengi og gagnvart almennu starfsfólki á þessum ótal stofnunum sem undir þetta svið munu heyra algjörlega óásættanlegt og myndi ekki standast neina skoðun. Og ég held að menn ættu alla vega eftir svona meðferð, eins og hér hefur verið, að láta minna fyrir sér fara í umræðu um fagleg vinnubrögð eða skreyta sig með slíkum titlum. Ég held að menn ættu að láta það vera að láta það fylgja í greinargerðum þegar vinnubrögðin eru með þessum hætti. Það hefur verið ótrúlega mikill flýtir í kringum þetta mál, þó ekki samt þannig flýtir að það var ekki hægt að tilkynna það samhliða öðrum breytingum heldur var til dæmis minnihlutnum tilkynnt það á óformlegum fundum nokkrum klukkustundum áður en skyldi efna til fundar, sem ég hugsa að sé algjört einsdæmi í vinnubrögðum á þessum vettvangi, þar sem að menn hafa iðulega við svona breytingar í stjórnkerfi reynt að ná sáttum um það hvernig haldið er á hlutunum og tryggja það að því verði ekki snúið við um leið og nýr meirihluti gæti tekið við völdum.

En það er ekki línan núna heldur á ég og má ég, og þá sný ég öllu við bara þegar það hentar mér og svo kemur hitt á eftir, þessi blessuðu faglegu vinnubrögð sem menn eru alltaf að berja sér á brjóst fyrir, en hafa náttúrulega löngu sannað sig að er ekki sinnt þannig hér. Þannig að því miður var þetta unnið með slæmum hætti, svo slæmum hætti að ég held að við munum súpa seyðið af því eins og öðrum slíkum vinnubrögðum áfram og þess vegna lýsum við okkur andsnúin því hvernig haldið hefur verið á þessu. Við lýsum miklum vonbrigðum með það hvernig hefur verið haldið á samstarfi við minnihlutann vegna verkefnisins en þó er það aukaatriði í raun og veru. Mér finnst miklu alvarlegra hvernig hefur verið haldið á málum gagnvart þeim starfsmönnum sem að vinna á þessum sviðum eða hafa helgað starfsævi sína og krafta þessum verkefnum. Mér finnst það til lítils sóma fyrir borgina og harma það hvernig á því hefur verið haldið um leið og því starfsfólki eru þökkuð góð störf.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Og næst tekur til máls borgarstjóri.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Borgarstjóri Jón Gnarr: Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Já, ég vísa því algjörlega á bug að þetta sé illa og hroðvirknislega unnið eins og einhverjir hafa nú verið að segja hér. Við þekkjum öll forsögu þessarar vinnu og erum búin að fara svo vandlega yfir það hér á þessum vettvangi og hvað varðar vinnuna sem átti að fara fram eða eiga sér stað í stjórnkerfisnefnd og við erum búin að ræða það, og ætti að vera öllum ljóst hvaða forsendubrestur átti sér stað þar. En hvað varðar vinnuna og aðferðafræðina þá tel ég hana vera mjög góða og mjög vandaða í alla staði. Borgarfulltrúi Kjartan Magnússon beindi hér til mín nokkrum spurningum og meðal annars hinn fjárhagslega ávinning, að hann lægi ekki fyrir, og það er alveg rétt, hann liggur ekki fyrir. En ég tel þó að hann verði umtalsverður og sérstaklega þegar til lengri tíma er litið. Og eins og kemur fram í tillögunni þá verða skipaðir starfshópar til að greina annars vegar mannauðsmál og hins vegar fjármál. Það liggur ekkert fyrir um uppsagnir, þannig að það bara hreinlega liggur ekki fyrir á þessu stigi málsins.

Og ég vísa því algjörlega á bug að það sé ekkert samráð og tel að við séum búin að eiga bara mjög mikið samráð og ég hef meðal annars heimsótt allar frístundamiðstöðvar, átt fundi með starfsfólki og tel að samráð sé bara gott. Og vildi nú bara koma þessu að. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur háttvirtur borgarstjóri lokið máli sínu. Og þá veitir andsvar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Við verðum þá bara ósammála um það, ég og borgarstjóri, hvort að hér hefur verið iðkað raunverulegt samráð eða ekki. Mig langar til að spyrja borgarstjóra sem hefur farið á allar frístundamiðstöðvar og átt þar samtöl við fólkið sem er að vinna að frístundapjónustu, við fólkið í borginni, hvernig þau hafi tekið í þessar hugmyndir. Er það upplifun borgarstjóra að starfsfólk frístundamiðstöðva, frístundaheimila, félagsmiðstöðva og Hins hússins og Sigluness, þessa frístundageira, er það upplifun borgarstjóra að þetta starfsfólk sé áfram um það að sameinast menntasviði í eitt stórt svið eða mætti borgarstjóri einhverri andstöðu þegar að hann reifaði þessar hugmyndir?

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir veitt andsvar. Þá tekur næstur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil fyrst og fremst þakka fyrir þessa tillögu sem að hér var reifuð býsna ítarlega í ræðu borgarstjóra og koma aðeins inn í þessar umræður. Ég er ósammála því sem hér hefur ítrekað verið haldið fram að þessar tillögur séu á einhvern hátt óræddar, komi á óvart eða jafnvel eins og úr heiðum himni. Því að staðreyndin er sú að þó við látum vera forsögu málsins og umræðu sem í raun hefur staðið allt síðasta kjörtímabil og kjörtímabilið þar áður um hvernig ætti að halda á stjórnkerfismálum til þess að tryggja eðlilega samþættingu frístunda og hefðbundins kennslutíma í skólum, að þá hefur þessi tiltekna hugmynd, þessi tiltekna hugmynd um sameiningu grunnskóla, leikskóla og frístundahluta ÍTR, verið rædd í næstum því hálf t. ári í núverandi stjórnkerfisnefnd. Og þar var satt best að segja ágætis samhljómur um að þetta væri skynsamleg hugmynd og sumir vildu jafnvel ganga lengra.

Það er í raun tiltölulega nýlega sem fótunum var kippt svolítið undan umboði fulltrúa minnihlutans í stjórnkerfisnefnd og minnihlutinn sagði sig frá öllu samráði eða samstöðu um ákvarðanir varðandi stjórnkerfismál og þá var ákveðið að í staðinn fyrir að reyna að fara í eina heildstæða breytingu á öllu kerfinu að taka þetta skref fyrir skref eftir því sem tilefni gæfist til. Og þess vegna gef ég í raun svolítið lítið fyrir þessa frasa sem hér koma frá sumum talsmönnum minnihlutans um að þetta komi mjög óvænt og að hinnum ofan eða þá að þetta styðjist ekki við rök eða einhverja umræðu vegna þess að þetta hefur verið lengi í umræðunni, styðst við gild rök en er vissulega ekki einungis hugsað út frá stjórnkerfinu sjálfu heldur út frá notendum þjónustunnar, þ.e.a.s. börnum á grunn- og leikskólaaldri. Það er svolítið lykilatriði að hafa í huga.

Hitt sem ég vildi nefna er að við erum út af fyrir sig að beita svolítið nýrri aðferð við útfærslu þessarar tillögu, þ.e.a.s. borgarstjórn tók af skarið hér um það að þetta ætti að vera stefnan. Gaf hinar svona stóru meginlínur, en síðan fór þetta til útfærslu í náinni samvinnu og samráði við starfsfólk á viðkomandi sviðum. Þar tóku mjög margir þátt og þess vegna er þetta tal um samráðsleysi einkennilegt og bendir í raun til þess að fólk hafi ekki verið mjög nálægt þeirri umræðu sem fór fram á vinnu sem fór fram á sviðunum. Auðvitað eru skiptar skoðanir um

Bstj. 21. júní 2011

stjórnkerfismál. Það er bara eðlilegt. Og ef að það ætti að fara í stjórnkerfisbreytingar sem fullkomin samstaða væri um að þá mundi líklega fátt breytast í tímans rás sem þó getur verið nauðsynlegt til þess að vinna að framþróun.

Mér heyrir á þessum umræðum að það sé í raun ekki mjög margt í útfærslu þessara breytinga sem byggir á þessu starfi sem borgarfulltrúar eru að fetta fingur út í. Það er frekar verið að svona skensa eitthvað í átt að meirihlutanum og svona nýjasti frasinn er illa undirbúinn og illa ígrundaður. En á meðan umræðan nær ekki dýpra en það þá veit maður ekki alveg hvað maður á að gera við þetta, vegna þess að maður hefur jafnvel átt í umræðum við sama fólk sem hefur haldið þveröfugu fram. Ekki bara á lokuðum fundum stjórnkerfisnefndar heldur var það rauður þráður í málflutningi minnihlutans í tengslum við skólabreytingarnar að það væri afkáralegt að tala fyrir breytingum í skólustarfinu sjálfu og endurskipulagningu þar. Miklu nær væri að gera breytingar á miðlæga kerfinu og fækka sviðum og einfalda stjórnsýsluna sem snýr að okkur stjórnámálamönnum og stjórnsýslunni sjálfri. Þegar svo það er gert að þá er komið hér upp og haldnar ræður um það að þetta sé nú allt saman ómögulegt, en hins vegar þá megi kalla eftir hugmyndum um breytingar í svokölluðum hörðum geira og hvar eru nú þær tillögur? Og viti menn, þegar þær koma síðan til umræðu, þá á ég von á því að sömu borgarfulltrúar muni halda ræðu um að þetta sé nú einmitt ekki breytingarnar sem eigi að gera heldur verði þá kallað eftir breytingum á einhverjum öðrum sviðum. Þannig hefur nú þessi vetur verið.

Að ræðurnar sem minnihlutinn hefur haldið við undirbúning mála og þegar að einhverjar tilteknar breytingar eru til umræðu snúast svo upp í andhverfu sína þegar orðið er við þessum ágætu ábendingum og ákveðið að taka af skarið varðandi uppstokkun á miðlægu stjórnsýslunni, sem ekki bara borgarfulltrúar minnihlutans kölluðu eftir heldur fjölmargir foreldrar, stjórnendur í skólum og leikskólum og frístundamálum í hinni miklu umræðu sem varð um skólamálin núna í vetur. Eigum við að láta sem þetta sé allt gleymt og þetta hafi bara verið sagt í hita leiksins en ekki af hjartans einlægni eða eigum við að virða það samráð sem þar var í gangi, draga af því ályktanir og gera það sem okkur finnst skynsamlegt? Það erum við að gera núna þó að þetta sé ekki heildarbreyting á öllu

Bstj. 21. júní 2011

stjórnkerfi borgarinnar. En ég heyri það að hér eru borgarfulltrúar strax farnir að kalla eftir frekari stjórnkerfisbreytingum í öðrum þáttum stjórnsýslunnar og væri fróðlegt að heyra þá aðeins dýpka sína sýn á hvað þeim fyndist mikilvægast og mestu tækifærin í því efni.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið máli sínu. Tveir borgarfulltrúar hafa óskað eftir að veita andsvar. Fyrst veitir andsvar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Já, enn og aftur eru söguskýringar borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar aðeins öðruvísi heldur en sagan raunverulega er eða blasir að minnsta kosti við mér, það verð ég að segja. Það að fulltrúar minnihlutans hafi kallað eftir auknu samstarfi eða sameiningu um skóla og frístunda, það kannast ég ekki við og ég óska eftir því að hér verði lagðar fram bókanir þess efnis, ef borgarfulltrúinn kannast við það. Og jafnframt veiti ég honum heimild hér til þess að aflétta trúnaði af þeim orðum sem fallið hafa af mér inni á lokuðum fundum ef ég hef einhvern tíma sagt það að ég sé tilbúin í slíka vegferð.

Dagur lýsti því réttilega, já, að kallað hafi verið eftir breytingum í miðlægu stjórnkerfi, kallað hafi verið eftir breytingum í harða geiranum og svo framvegis. Fyrst og fremst höfum við þó verið að kalla eftir samráði. Hann lauk ræðu sinni hér í dag á því að óska eftir því að við dýpkuðum okkar sýn í þessum efnum og að við legðum fram okkar hugmyndir um það hvernig við sæjum breytingarnar geta hugsanlega orðið. Ég er tilbúin í það og ég óska þá eftir því að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, sem jafnframt er formaður stjórnkerfisnefndar, boði til fundar í þeirri ágætu nefnd þar sem umræðan á að eiga sér stað. Sú nefnd er nefnilega ekki hugsuð þannig að borgarfulltrúinn eða formaðurinn geti hent tillögum í fulltrúa minnihlutans og spurt hvort að þeir séu með eða ekki heldur ætti þar, ef raunverulegt samráð ætti að eiga sér stað og ef að borgarfulltrúinn vildi raunverulega hlusta á það sem meirihlutinn hefur fram að færa, þá ætti hann að gefa færi á því að þar ættu sér stað raunverulegar umræður frá grunni, en ekki af, eins og hann sagði sjálfur, borgarfulltrúinn túlkaði það sem að fram kæmi á samráðsfundum einhvers staðar úti í borg og gerði svo það sem hann teldi skynsamlegast. Nei, það sem þarf að gera er að taka mið af því sem sagt er einmitt á opnum fundum og því sem fram kemur, vinna með það í samstarfi við meiri- og minnihluta og reyna að komast að einhverri niðurstöðu sem allir geti fallist á. Í því felst raunverulegt samráð, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, [forseti slær í bjöllu] en ekki í því að borgarfulltrúar meirihlutans [forseti slær í bjöllu] hendi í okkur hér tillögum sem okkur er sagt að vera með eða á móti.

Bstj. 21. júní 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir veitt andsvar. Forseta láðist að, borgarfulltrúinn hafði notað andsvaramót sinn undir þessum dagskrárlið og lítur svo á að hér hafi verið um athugasemd að ræða. En þá svarar þeirri athugasemd borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson. Og svo veitir borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir andsvör.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég held að það þurfi ekki að aflétta trúnaði af ummælum einstakra einstaklinga inni á lokuðum fundum. Það var tekið saman ágætis minnisblað eftir fyrstu tíu fundina í stjórnkerfisnefnd og farið yfir þá á sérstökum fundum með oddvitum minnihlutaflökkanna í borgarstjórn í lok síðasta árs. Þar kemur býsna skýrt fram að stjórnkerfisnefnd var nokkuð róttæk í hugmyndum í uppstokkun á sviðum og nefndakerfi borgarinnar. Þeirri umræðu var ekki lokið og það var álitid skynsamlegt að til þess að allir hefðu einmitt aðkomu að þessu að oddvitar minnihlutans væru þar með.

En eins og ég rakti hér áðan, þá á sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar síðastliðið vor það gefið alveg skýrt til kynna að minnihlutinn ætlaði ekki að standa að neinum breytingum á stjórnkerfinu og liti ekki þannig á að það hefði verið komin á nein samstaða um meginlínurnar í því efni og meirihlutinn þyrfti að gera allar slíkar breytingar á eigin ábyrgð. Þetta var einfaldlega sú staða sem að við stóðum frammi fyrir. Hún var ekki sjálfsvalin. Þvert á móti höfðum við lagt upp í mjög þétt samtali um hvað væri skynsamlegast í þessu og töldum okkur vera að ná ágætri samstöðu um það en minnihlutinn einfaldlega sagði sig frá því. Ég tel það vera algjörlega ábyrgðarlaust. Algjörlega ábyrgðarlaust og ekki það besta þegar stjórnkerfisbreytingar eru annars vegar. En meirihlutinn ber auðvitað ábyrgð á góðu stjórnkerfi eftir sem áður og getur ekki leyft sér það sem minnihlutinn gerði; að segja sig algjörlega frá skynsamlegum niðurstöðum í þessu. Þess vegna er þessi tillaga komin fram. En ég vona auðvitað að hægt verði að ná betra samtali við minnihlutann í framhaldinu um frekari breytingar til bóta í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að svara andsvari. Og þá óskar borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir eftir að bera af sér sakir og er henni það heimilt.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að segja það hér enn eina ferðina og ég óska eftir því að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hlusti. Ég hef aldrei sagt mig frá vinnu við stjórnkerfisbreytingar. Aldrei. Ef borgarfulltrúinn getur vísað í eitthvað sem ég hef sagt eða gert þess efnis, þá má hann gera það. Ég hef aldrei sagt mig frá því. Ég hef aldrei sagt að meirihlutinn verði að leggja þetta fram í eigin nafni. Aldrei. Ég hef aftur á móti ítrekað kallað eftir auknu samstarfi um stjórnkerfisbreytingar hér í þessari borg og ég óska eftir því hér enn eina ferðina og ef að borgarfulltrúinn ætlar að halda því í alvörunni fram áfram að ég hafi einhvern tíma sagt mig frá þessu eða að ég sé ekki tilbúin til þess að vinna að stjórnkerfisbreytingum hérna í Reykjavík að þá skal hann leggja þetta fram, ellegar segir hann ósatt.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir borið af sér sakir. Þá veitir andsvar borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. Heyrðu, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskar eftir að svara borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég skal glaður fara yfir það bara með Sóleyju Tómasdóttur borgarfulltrúa að fundargerðir stjórnkerfisnefndar, bæði fyrir og eftir komu hennar í stjórnkerfisnefnd, þá breyttist satt best að segja mjög afstaða Vinstri grænna til stjórnkerfisbreytinga og endurskipulagningar. Ef það er misskilningur af minni hálfu, þá bara biðst ég afsökunar á því og þá hlakka ég bara til áframhaldandi góðs samstarfs um nauðsynlegar breytingar í stjórnkerfi Reykjavíkurborgar [frammíköll].

Forseti: Ég bið borgarfulltrúa að kalla ekki hér fram, fólk þarf að biðja um orðið til þess að fá orðið hér í sal borgarstjórnar. Þá veitir andsvar borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir við ræðu borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ítrekað, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, kemur þú hér upp í sal borgarstjórnar og segir hluti sem eru alls ekki sannir, í besta falli túlkun á hugarheimi borgarfulltrúans Dags B. Eggertssonar. Það er ekki rétt sem hér kemur fram að minnihlutinn hafi sagt sig frá stjórnkerfisbreytingum, það hefur aldrei gerst. Og ég tek undir með borgarfulltrúa Sóleyju Tómasdóttur, það hefur aldrei gerst á fundum stjórnkerfisnefndar, hvorki þeim fundum né sameiginlegum fundum borgarráðs og stjórnkerfisnefndar, það hefur aldrei verið. Eina sem við ræddum um og það er ágætt að það komi fram hér að minnihluti og meirihluti voru ósammála um það að farið væri í stjórnkerfisbreytingar án stefnu. Nei, en meirihlutinn, hann var á því að fara af stað án stefnu. Það er þarna sem okkur greinir á. Það var aldrei sagt að við færum frá stjórnkerfisbreytingum eða samráði eða neinum breytingum.

Og fyrst ég hef orðið hérna þá vil ég segja að öll vinnubrögðin í kringum þetta nýja svið, gagnvart starfsfólki og gagnvart minnihlutanum, bera eingöngu vott um vanvirðingu gagnvart öllu þessu kerfi. Þessu fína kerfi sem starfsmönnum sem vita miklu betur en við öll hér inni hvernig ætti að breyta þessu, gagnvart þessum starfsmönnum sem að var sagt upp með símtali með engum fyrirvara, gagnvart minnihlutanum sem fékk ekki að vita þessar mikilvægu staðreyndir áður en hann tók ákvarðanir um að breyta skólakerfinu og það átti að fara að setja í uppnám svið sem átti að leiða breytingarnar í gegn. Þetta er ekkert annað en vanvirðing, óhugsað, sem hefði átt að gerast miklu betur og hægar til þess að það myndi ná árangri. Og ég segi eins og borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir áðan; þið hafið hreinlega ekki efni á að tala um lýðræðisleg vinnubrögð. Þið hafið misst allan trúverðugleika.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir veitt andsvar. Og þá svarar andsvari borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Já, hér er greinilega komið við viðkvæman streng. En ég fer ekkert ofan af því að það urðu ákveðin kaflaskil og vatnaskil í samskiptum meiri- og minnihluta hvað stjórnkerfisbreytingar varðar í vetur. Umboðinu var kippt undan fulltrúum minnihlutans í stjórnkerfisnefnd og sú ágæta samstaða og sátt sem virtist vera að myndast þar varð að engu á býsna stuttum tíma. Og þetta kristallaðist á sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar. Ég ætla bara að ítreka, af því að hér voru höfð uppi mjög stór orð um undirbúning þessarar tillögu. Ég held að þessi aðferð hafi reynst ágætlega og muni reynast býsna farsæl, að borgarstjórn byrji á því að gefa hinar grófu meginlínur, síðan sé farið í útfærsluna með virkri þátttöku lykilembættismanna og starfsfólks inn á viðkomandi sviðum og síðan komi útfærð tillaga hér aftur inn á borð. Að minnsta kosti tókst okkur ekki þrátt fyrir miklar umræður í stjórnkerfisnefnd að gera mikið annað en að tala okkur í nokkra hringi og ég heyrði það berlega af öllum ræðum hér að sú sátt sem mér fannst það mynda var greinilega hugarburður einn, jafnvel þó að yfirlesin minnisblöð og fundargerðir nefndarinnar sýnist mér vitna um annað.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson svarað andsvari. Þá er andsvörum lokið og þá höldum við áfram með mælendaskrá. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Geir Sveinsson.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Geir Sveinsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Það fer að bera í bakkafullan lækinn að ræða þessi frístunda- og skólamál, enda allt frágengið, en ég get engu að síður ekki látið hjá líða að koma inn á þessar breytingar og spyrja enn og aftur; af hverju er verið að gera þessar breytingar á sviðum borgarinnar ef íþrótt- og tómstundaráð var svona ofboðslega ánægt með starf frístundaheimila, starfsfólkið og framlag þess, og niðurstöður viðhorfskanna sem gerðar hafa verið meðal foreldra barna á frístundarheimilunum? Á 117. fundi íþrótt- og tómstundaráðs í lok september sl. var lögð fram eftirfarandi bókun íþrótt- og tómstundaráðs, með leyfi forseta:

Íþrótt- og tómstundaráð þakkar starfsmönnum frístundaheimila fyrir frábærlega vel unnin störf við að vinna á biðlista frístundaheimilanna. Þið hafið öll lagst á eitt og hjálpast að og árangurinn er frábær.

Tilvitnun lýkur. Og á næsta fundi á eftir eða á 118. fundi íþrótt- og tómstundaráðs Reykjavíkur sem haldinn var í byrjun október sl. var lögð fram viðhorfskönnun vegna frístundaheimila. Skrifstofustjóri tómstundasviðs kynnti könnunina og í kjölfarið lagði íþrótt- og tómstundaráð fram eftirfarandi bókun, með leyfi forseta:

Íþrótt- og tómstundaráð fagnar niðurstöðum viðhorfskönnunar foreldra til starfsemi frístundaheimila. Af þeim má ráða að mikil ánægja ríkir almennt um starfsemi frístundaheimila í Reykjavíkurborg. Þá vill ráðið sérstaklega benda á að 91% svarenda eru ánægð með framkomu starfsfólks á frístundaheimilum, sem er að mati ráðsins mikilvægasti þáttur starfsins, kærleikur og hlýja. Ráðið þakkar því starfsfólki ÍTR fyrir vel unnin störf á frístundaheimilum og hvetur það að halda uppi metnaðinum í starfinu og viðhalda frábæru þjónustustigi.

Tilvitnun lýkur. Það verður því fróðlegt að fylgjast með, hvernig núverandi meirihluti ætlar að tryggja að þetta faglega, mikla og góða starf sem í dag er unnið á frístundarheimilum borgarinnar haldi sér og að því verði ekki stefnt í voða með því að færa það undir valdsvið skólastjórnenda. Sömuleiðis langar mig að vitna í tillögu sem hér var rædd áðan um stofnun skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar og var lögð fram fyrir ÍTR þann 26. maí sl. Kenndi þar ýmissa grasa þó fáum spurningum sem máli skipta hafi þar verið svarað. Margt var

Bstj. 21. júní 2011

forvitnilegt en einkum vakti athygli mína setning á bls. 21. Þar sem segir, með leyfi forseta:

Til að tryggja að innleiðingin gangi hratt og örugglega fyrir sig er gert ráð fyrir að unnið verði samkvæmt viðurkenndum aðferðum á sviði breytingastjórnunar, m.a. með virkri þátttöku þeirra starfsmanna sem verða fyrir mestum áhrifum af breytingunum.

Og ég bara spyr; hvaðan kom þetta? Hvaðan kom þessi setning? Hvar var hún í öllu þessu ferli sem farið var í? Hvar var þessum viðurkenndu aðferðum í breytingastjórnun beitt? En ég vona svo sannarlega að þeim verði beitt í framtíðinni.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Geir Sveinsson lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Eva Einarsdóttir: Kæri forseti, kærur borgarfulltrúar og kærur borgarar. Langur og strangur vetur er að baki. Stórar ákvarðanir hafa verið teknar og miklar breytingar boðaðar. Á þeim tímum sem við stöndum í dag þar sem fjárhagur er bágur, þá er mikilvægt að endurskoða kerfið sem við búum við. Kerfið ætti að vera í sífellndri endurskoðun í takt við tíðarandann. Í stjórnarskipulagi borgarinnar starfa nú átta svið, það er að segja fyrir stofnun nýs sviðs sem hér er rætt um og ellefu skrifstofur. Í borgum sem Reykjavík er oft borin saman við hvað varðar stærð og sambærileika er algengt að starfandi séu fimm til sjö svið. Það er því nokkuð öruggt að það felast bæði fagleg og fjárhagsleg tækifæri í sameiningum. Nú er það ljóst að nýtt svið frístundar og skóla mun líta dagsins ljós á næstu mánuðum. Nýtt svið sem verður spennandi að fylgjast með. Þetta þarf að horfa á með raunsæis gleraugum þar sem staðreyndin er meðal annars sú, að þetta verður stórt svið eins og hér hefur komið fram með mörgum starfsmönnum að sinna mörgum börnum og ungmönnum borgarinnar, framtíðin okkar. Það er því mikilvægt fyrir okkur að vanda til verka.

Þessi leið var ekki farin nema af því að á bak við liggja sterk sannfæring um að þetta sé góð þróun. Það að stefnumótun frístundar, fyrsta skólastigs og grunnskólastigs séu gerð á sama sviði. Mikilvægur hlutur af þessum breytingum er að samþætta dag barnsins, tengja betur skólalag barnsins og frístund það er að segja. Að því sögðu munu frístundaheimili borgarinnar verða hluti af nýju sviði sem hafa síðustu ár verið rekin af miklum sóma af ÍTR. Það vekur auðvitað alltaf upp einhverjar spurningar þegar breyta á einhverju sem þegar er gott, en góða hluti má líka vinna áfram með og efla. Skal þó tekið fram að mikilvægt er engu að síður að hvort um sig fái líka að njóta sín og þróast áfram, þ.e.a.s. menntun barnanna og svo frístundin. Þessar breytingar boða einnig að þær sex frístundamiðstöðvar sem nú eru starfræktar á Ípróttu- og tómsundasviði flytjast einnig á nýtt svið. Í tillögum um stofnun nýs sviðs er skýrt tekið fram að nýr sviðsstjóri móti nýtt skipurit í samráði við aðra hluteigandi og að öll fagleg starfsemi sviðsins, þ.e.a.s. málefni frístundar, leikskóla og grunnskóla eigi að skipa jafnríkan sess í nýju skipuriti, og þetta er mjög mikilvægur hluti sem við munum að sjálfsgöðu fylgja eftir. Þetta er mér persónulega sem frístundafræðingi

Bstj. 21. júní 2011

afar mikilvægt, en eins og oft hefur komið fram hef ég sjálf bæði starfað hjá og fylgst með framgangi að því sem snýr að frístund hjá borginni. Þessi breyting er alls ekki gerð með það í huga að frístund skipti engu máli og verði einhvers konar afgangsstærð, síður en svo.

Meirihluti Besta flokksins og Samfylkingarinnar veit hversu mikil forvörn felst í öfluglu frístunda- og íþróttastarfi. Og það viljum við sjá áfram í starfsemi borgarinnar. ÍTR mun starfa áfram en í breyttri mynd. Eins og borgarstjóri kom inn á áðan verða almenn íþróttamál, samskipti og samningar enn á könnu ÍTR. Eins þá rekstur íþróttamannvirkja, rekstur skíðasvæða, rekstur Hins hússins, rekstur Ylstrandar og rekstur Fjölskyldu- og húsdýragarðsins. Eins verður áfram umsjón með styrkjum til æskulýðs- og íþróttastarfs og eins umsjón með frístundakortinu. Mikilvægt er að fylgja svo umfangsmiklum breytingum vel eftir og verður það gert með tveimur starfshópum sem eiga að tryggja góða og faglega innleiðingu því að það er að mörgu að huga, bæði því sem kemur að fjármálum og svo að mannauðsmálum. Það er einnig mikilvægt að sterk brú verði byggð á milli ÍTR og frístundahlutans sem fer nú yfir á nýtt svið og auðvitað að byggja brú milli nýs sviðs og ÍTR. Þetta á auðvitað að vera sjálfsagt. Í dag er ágætis samstarf á milli sviða, en má vera miklu öflugra enda allir að vinna í þágu Reykvíkinga.

Fyrir 25 árum, þegar æskulýðsráð Reykjavíkur og íþróttaráð Reykjavíkur voru sameinuð, þá var ekki að spyrja að því að því fylgdu mikil mótmæli og óánægja. Svo vildi fólk auðvitað ekki sjá neitt annað. Breytingar geta því tekið á eins og við sjáum og höfum séð, en án breytinga væri lífið litlaust. ÍTR stendur á tímamótum í dag, bæði vegna tilvonandi breytinga en ÍTR fagnar líka 25 ára starfsafmæli í ár. Það vekur vissulega upp blendnar tilfinningar, bæði hjá mér en þá sérstaklega hjá því fjölmarga og góða starfsfólki sem hjá ÍTR starfa. Það eru vissulega breytingar framundan en ÍTR og frístundastarf hefur skapað sér fastan sess í hjörtum borgarbúa og ekkert því til fyrir stöðu að það haldi áfram.

Fyrir hinn almenna íbúa borgarinnar og reyndar fyrir okkur öll þá tel ég bjarta tíma framundan, hvort sem það er hin dásamlega nýbreytni „dótakassinn,“ tómsundatilboð sem er einmitt að byrja í dag og er rekið af frístundamiðstöðinni Kampi á Klambratúni í sumar og ég hvet alla til að fara út að leika sér í sumar. Hvort það er hressandi sundsprettur í einni af okkar dásamlegu sundlaugum.

Bstj. 21. júní 2011

Hvort það eru öll þau leikskólaláss sem hafa skapast nýverið. Hvort það er leikjadagur sem að ÍTR stendur fyrir á laugardaginn til að fagna einmitt þessu 25 ára afmæli. Já, það er margt sem við höfum í þessari góðu borg. Þetta býður borgin okkur upp á og miklu, miklu fleira.

Forseti: Þá hefur Eva Einarsdóttir lokið máli sínu og minnt okkur á það að fara út að leika sem var mjög góð áminning hér til borgarstjórnar. Næst tekur til máls borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég hafði nú ekkert endilega hugsað mér að taka til máls í þessari umræðu enda eru mörg ágæt rök komin hérna fram í hinni efnislegu umræðu um það hvort rétt sé að sameina þessa starfsemi undir einum hatti eða ekki. Ég get hins vegar ekki bara orða bundist vegna orða formanns stjórnkerfisnefndar hér og formanns borgarráðs og ég skil eiginlega ekki á hvaða ferðalagi eða í hvaða vegferð, svo ég noti það orð, þessi ágæti borgarfulltrúi er. Af því að mér finnst nánast eins og að það sé sérstakt markmið að hleypa illu blóði hér í alla og reyna einhvern veginn að reyna að hleypa hlutunum upp og ég skil ekki hvaða gagn við höfum af því. Og ef að einhver áttar sig á því væri gott að viðkomandi myndi koma hér upp og útskýra. Vegna þess að viðkomandi borgarfulltrúi kemur hingað upp og segir hér blákalt að minnihlutinn hafi sagt sig frá þessu starfi. Svo þegar að hann er beðinn um skýringar á því hvernig minnihlutinn sagði sig frá þessu og með hvaða hætti og er hægt að vitna í eitthvað, þá koma engin svör. Engin svör. Heldur kemur viðkomandi borgarfulltrúi hér með yfirlæti upp í pontu og segir; hér er greinilega komið við viðkvæman streng. Auðvitað er komið við viðkvæman streng ef að komið er hingað upp og farið með ósannindi um það sem gerist inni á lokuðum fundum.

Eina svarið sem kom var að það hefði breyst andrúmsloftið eftir að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir kom inn í staðinn fyrir Þorleif Gunnlaugsson. Ég tók að vísu ekki eftir því, og sit sjálfur í nefndinni, að andrúmsloftið hefði breyst við það. Þau hafa bæði starfað vel og á mjög sömu línu innan stjórnkerfisnefndar. Þannig að ég á bággt með að sjá það. Þá held ég reyndar að allir í minnihlutunum hafi komið hingað upp og lýst yfir furðu á þessum ummælum hans um það að við hefðum sjálf sagt okkur frá starfinu. Og ég veit satt að segja ekki, virðulegi forseti, hvernig á að bregðast við því þegar borgarfulltrúi kemur og fer vísvitandi svona rangt með það sem gerist inni á fundum, sérstaklega fundum nefnda þar sem að fundargerðirnar eru ekki opinberar. En væru þær það þá væri mjög auðvelt að fara yfir þær fundargerðir og sjá að hvergi nokkurs staðar hefur minnihlutinn lagt neitt fram eða sagt neitt eða bókað neitt sem gefur til kynna að hann hafi sagt sig frá

Bstj. 21. júní 2011

Þessu starfi. Og mér finnst leiðinlegt fyrir aðra sem eru hér í þessum meirihluta að þurfa að taka þátt í þessu.

Er þetta virkilega pólitíkin sem að þessir ágætu borgarfulltrúar sem hér sitja vildu taka þátt í? Ég hef ekki orðið vitni að því eða man ekki eftir því hér á þessu ári sem við höfum átt hérna saman að menn hafi talað með þessum hætti hver um annan hérna inni í söllum borgarstjórnar. Vegna þess að hér held ég að það sé vísvitandi farið rangt með, einhvern veginn í því skyni að þyrlla upp einhverju moldviðri, gera okkur hin tortryggileg eða hvaðeina. Hér er ekki á neinn hátt verið að reyna að komast að einhverri rétttri og góðri niðurstöðu fyrir borgarbúa. Það er ekki verið að hreyfa litlafingur til þess.

Svo má alveg koma með þá skoðun hér að við í minnihlutanum höfum verið óþægur ljár í þúfu í þessum málum. Við höfum einhvern veginn ekki verið leiðitöm í þær breytingar sem að formaður stjórnkerfisnefndar vill fara í. Það er örugglega rétt. Við höfum ekki verið sammála því hvernig haldið hefur verið á málum og það sem við höfum aðallega verið á móti er það að markmiðin eru gjörsamlega óskýr. Markmiðin eru gjörsamlega óskýr. Er markmiðið það að fækka starfsfólki, en menn leggja ekki í að segja fólkinu upp heldur ætla að gera það í gegnum stjórnkerfisbreytingar, er það markmiðið? Eða er markmiðið að efla faglegt starf, eins og í upphafi skólabreytinganna var talað um að það væri faglegi ávinningurinn, sem síðan svona kannski, held ég, eða hvað eigum við að segja, fjárhagslegi ávinningurinn varð svona kannski sterkari í þeirri umræðu.

En í stjórnkerfisbreytingunum sem ræddar hafa verið í stjórnkerfisnefnd þá hefur það verið alveg óljóst hvers vegna við erum að fara í þessar breytingar. Og það hefur heldur ekki verið rætt hér í borgarstjórn. Og stjórnkerfisnefnd er auðvitað nefnd sem á að útfæra það hvernig við ætlum að gera þá hluti sem í sumum tilvikum er búið að taka pólitíska ákvörðun um. Og ég var út af fyrir sig ekki ósáttur við það með hvaða hætti þetta mál kom til stjórnkerfisnefndar. Vegna þess að þá var meirihlutinn búinn að taka sína pólitísku ákvörðun og búinn að segja að við ætlum að gera þetta, en það þarf að útfæra það. Þá kemur þetta til stjórnkerfisnefndar og þá getur stjórnkerfisnefnd öll tekið þátt í því, hvaða skoðun sem menn hafa á því. Og ég ræddi það sérstaklega á fundi stjórnkerfisnefndar að

Bstj. 21. júní 2011

mér þætti það í sjálfu sér ekkert óeðlilegt að þannig væri haldið á málum, en þá lágu líka fyrir skýr markmið.

En þessar heildarstjórnkerfisbreytingar sem hafa verið ræddar inni í stjórnkerfisnefnd þær hafa verið algjörlega óútskýrðar. Af hverju er betra að vera með færri svið heldur en fleiri, eins og borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir kom inn á hér áðan? Af hverju er það betra? Getur ekki bara verið gott til dæmis að við séum bara með sérsvið sem sér um aðalskipulagið. Það eru sömu starfsmenn í því eftir sem áður. Í mínum huga er ekkert augljóst að það sé betra að hafa þrjú svið heldur en sjö. Við getum, alveg eins og Kjartan Magnússon borgarfulltrúi sagði hér áðan verið bara með eitt svið, þá eru bara fleiri deildarstjórar.

Þessum spurningum sem við höfum verið að kasta á milli okkar inni í stjórnkerfisnefnd hefur þar ekki verið svarað á neinn hátt. Af hverju er nauðsynlegt að fækka sviðum? Því hefur bara ekki verið svarað. Það væri mjög gott að þau svör mundu koma núna hér í borgarstjórn. Ég átta mig ekki á því hvort um þetta hafi verið rætt á meirihlutafundum borgarstjórnar. Hvort að allir í meirihlutanum séu algjörlega klárir á því hvers vegna er gott að fækka sviðum eins og borgarfulltrúi Eva Einarsdóttir sagði hér áðan. Að það væri tækifæri í því. Í hverju felast þau tækifæri? Felast þau sem sagt í færra starfsfólki, er það málið? Erum við að fara að gera þetta til þess að reyna að fækka starfsfólki? Þá þarf að segja það. Það hefur ekkert verið sagt um þetta. Og í þeim gögnum meira að segja sem að einn af starfsmönnum stjórnkerfisnefndar hefur sýnt okkur á powerpoint-kynningum, þá er fyrsta atriðið að þá að skilgreina markmiðin, en það hefur ekki verið gert, að minnsta kosti ekki upphátt.

Þannig að ég vil, ágæti forseti, bara lýsa yfir miklum vonbrigðum með framgöngu formanns stjórnkerfisnefndar hér í salnum þar sem hann fer beinlínis rangt með og ósannindi um það hvernig minnihlutinn vill vinna í þessu, vegna þess að minnihlutinn hefur svo ég taki það enn og aftur fram, hann hefur ekki sagt sig frá þessum störfum og þessari vinnu. Og ég held reyndar að það sé ekki annað hægt en að krefja formann stjórnkerfisnefndar afsökunarbeiðni vegna þessa. Vegna þess að við viljum hér eftir sem hingað til vinna að góðum málum fyrir borgarbúa og það er líka vinna að góðum málum, þó svo að við séum ósammála meirihlutanum í einhverju, vegna þess að við erum tilbúin til þess að vinna áfram að málunum

Bstj. 21. júní 2011

jafnvel þó svo að við séum það. Og út á það gengur Borgarstjórn Reykjavíkur sem fjölskipað stjórnvald að það komi margir að málunum með mismunandi sýn og reyna að komast að bestu hugsanlegu niðurstöðunni í sameiningu.

En framganga formanns stjórnkerfisnefndar er því miður ekki boð upp í slíkan dans, þar sem að menn geta unnið saman í sátt og samlyndi. Og það er reyndar leiðinlegt að þær tvær nefndir borgarinnar sem að samstarfið gengur verst eru einmitt þær nefndir sem þessi ágæti formaður stjórnkerfisnefndar stýrir. Það er stjórnkerfisnefnd og borgarráð, þar gengur samstarfið verst, en í flestum öðrum nefndum borgarinnar að minnsta kosti þar sem ég þekki til gengur samstarfið ljómandi vel og því hefur verið hampað hér bæði af meirihluta og minnihluta margoft jafnvel þó svo að menn séu oft ósammála.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson óskað eftir að veita andsvar.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta voru stór orð og þung og miklar ásanir sem í fyrsta lagi leiddi að því að það væri gloppóttu minni mínu að kenna eða ranghugmyndum að það hafi verið góð samstaða í stjórnkerfisnefnd allt síðasta ár. Í öðru lagi að markmið stjórnkerfisnefndar hefðu aldrei verið sett á blað og aldrei samþykkt og lögju hvergi fyrir. Og í þriðja lagi að það væru ekki til nein gögn sem sýndu það á sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar 28. febrúar sl. hefðu fulltrúar minnihlutans gefið skýrt til kynna að þeir segðu sig frá frekari tillögugerð í málinu.

Í fyrsta lagi var tekið saman minnisblað um umræðu 10 fyrstu funda stjórnkerfisnefndar sem allir nefndarmenn lásu yfir og lagt var fyrir með oddvitum 14. desember 2010, það er afar skýrt varðandi þær hugmyndir um breytingar á sviðum og ráðum sem að rætt hafði verið um. En fundargerðir stjórnkerfisnefndar varðandi hugmyndir einstakra manna eru ennþá skýrari. Þær getur borgarfulltrúinn fengið og kynnt sér hafi hann á því áhuga að hafa það sem sannara reynist í þessu máli.

Í öðru lagi var í febrúar síðastliðnum samþykkt sérstaklega í stjórnkerfisnefnd markmið um stjórnkerfisbreytingar og ákveðið að kynna þær fyrir borgarráði. Þegar að þau markmið voru lögð þar fram í sérstöku bréfi varð uppi fótur og fit hjá oddvitum minnihlutans sem hvorugur hafði verið viðstaddur þennan fund stjórnkerfisnefndar, Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi var það raunar ekki heldur, og var það fyrir þeirra orð að markmiðin voru ekki lögð fram eins og stjórnkerfisnefnd þó hafði samþykkt, heldur frekar ákveðið að halda sameiginlegan fund borgarráðs og stjórnkerfisnefndar.

Það er því alrangt að stjórnkerfisnefnd hafi ekki komið sér saman um markmið til að kynna í borgarráði. Það er alrangt að það sé ekki til staðfest og skjalfest hvað stjórnkerfisnefnd hafði rætt á sínum 10 fyrstu fundum. Og það er líka alrangt að hér í salnum séu fleiri en einn og fleiri en tveir með minnispunkta af fundi og handrit óhlutdrægs starfsmanns stjórnkerfisnefndar af sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar. Það var enginn að fara í grafgötur með hvað

Bstj. 21. júní 2011

fulltrúar minnihlutans sögðu og stóryrðum um ósannindi mín vísa ég til föðurhúsanna.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar. Þá svara andsvari borgarfulltrúi Gíslí Marteinn Baldursson.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Gísli Marteinn Baldursson: Virðulegi forseti, ágæta borgarstjórn. Það þýðir ekkert að reyna eitthvað að brýna raustina og blása mál þannig út af borðinu. Eftir sem áður kemur ekkert fram um það hvernig við sögðum okkur frá málinu, ekki nokkur skapaðan hlutur. Hvernig sagði minnihluti stjórnkerfisnefndar sig frá þeirri vinnu sem er hér í gangi? Má ég biðja borgarfulltrúann bara um að lesa það upp fyrst að hann er búinn að garfa í þessu, lesa þá yfirlýsingu frá minnihluta stjórnkerfisnefndar ekki borgarráðs, minnihluta stjórnkerfisnefndar þar sem hann segir sig frá vinnu við þessar stjórnkerfisbreytingar. Takk, það væri gott ef hún yrði bara lesin upp núna.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrú Gísli Marteinn Baldursson lokið við að svara andsvari. Þá veitir andsvar öðru sinni borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Á sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar 28. febrúar 2011 voru viðstaddir: Regína Ásvaldsdóttir, Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Karl Sigurðsson, Páll Hjaltason, Diljá Ámundadóttir, Sigurður Björn Blöndal, Jón Gnarr og sá sem hér stendur, Gísli Marteinn Baldursson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Sóley Tómasdóttir, Ólafur Kr. Hjörleifsson, Elsa Yeoman, Björk Vilhelmsdóttir og Óttarr Ólafur Proppé. Þeim sem sátu þennan fund og ræddu hann í kjölfarið bar saman um skilaboðin sem eru svo skráð eftir starfsmanni fundarins, höfð eftir Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, oddvita Sjálfstæðisflokksins: „Ekki er hægt að vænta stuðnings minnihlutans við núverandi aðstæður.“ og síðar: „Sagðist hafa ekki haft hugmynd um hvað standi til,“ nota bene, þrátt fyrir skjalfest minnisblöð og fundi sem haldnir hafa verið með áður nefndum oddvita. Og hér er fólk í salnum sem tók líka punkta á þessum fundi og getur alveg vitnað um það. Það leyndist engum sem þennan fund sat hvað fram á honum fór.

Punktarnir sem teknir voru niður voru alveg skýrir og þetta hefur ítrekað verið farið yfir og fólk verið býsna fljótt að kannast við það þangað til núna, að minnihlutinn í einhvers konar leik sem gengur út á það að hlaupa frá allri ábyrgð og öllum fyrri orðum sínum um skynsamlegar breytingar á stjórnkerfinu er að reyna að gera þann sem hér stendur og aðra að ósannindamönnum. Þegar gögn málsins sem venjulega eru ekki birt, en eru tekin niður af mér, af starfsmanni fundarins og fleirum sem á fundinum voru og eru með þessa punkta meðferðis tala alveg skýru máli um þetta. Þannig að ef það er einhver sem á að biðjast afsökunar hér þá er það ekki sá sem hér stendur heldur minnihlutinn fyrir sína framkomu og látalæti í því sem tengist stjórnkerfisbreytingum í þessari borg.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að veita andsvar öðru sinni. Þá svarar borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson andsvari öðru sinni.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Gísli Marteinn Baldursson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Hér voru sem sagt lesnar upp einhverjar slitrur úr setningu sem höfð er eftir oddvita Sjálfstæðisflokksins á fundi sem að stóð í fleiri klukkutíma og það er ekki einu sinni ljóst um hvað oddviti minnihlutans eða oddviti Sjálfstæðisflokksins er að tala. Það kemur ekkert fram af samhenginu um hvað er akkúrat verið að tala, en það voru orðin „Ekki hægt að vænta stuðnings minnihlutans við núverandi aðstæður.“ Og þessa fjöður tekur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson og gerir að þeirri hænu að fulltrúar minnihlutans í stjórnkerfisnefnd, sem note bene Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarfulltrúi er ekki, að fulltrúar minnihlutans í stjórnkerfisnefnd hefðu sagt sig frá vinnunni. Vegna orða hennar á löngum fundi þar sem að segir „Ekki hægt að vænta stuðnings minnihlutans við núverandi aðstæður“ – stuðnings við hvað? Stuðnings við hvað? Það kemur ekki einu sinni fram.

Og nú ætla ég aðeins bara að segja við ykkur hér á persónulegum nótum, ágæta borgarstjórn, að þessi vinnubrögð eru engan veginn boðleg fyrir okkur. Ég þarf að koma hérna upp og vera að elta ólar við þetta og sé að borgarfulltrúinn er alveg brjáláður, mér heyrir hann alla vega vera að segja það, að hann sé alveg brjáláður, vegna þess að við göngum á eftir einhverjum svona orðum þar sem hann leyfir sér að fara frjálsglega með staðreyndir. Og við biðjum hann um að lesa upp fyrir okkur eða segja okkur hvar við sögðum okkur frá vinnunni sem hann sakaði okkur um að hafa gert. Og við erum sem sagt ég, borgarfulltrúi Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir og Sóley Tómasdóttir. Við könnumst ekki við það að hafa sagt okkur frá vinnunni og biðjum um skýringar á því og þetta er það sem við fáum. Þetta er það sem við fáum. Og það þýðir ekkert fyrir borgarfulltrúann að segjast vera brjáláður nema þá að það fornkveðna eigi við; að sannleikanum verði sárreiðastur.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við að svara andsvari öðru sinni. Þá óskar borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson eftir því að bera af sér sakir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Þetta er mjög merkileg [óskýrt] sem fer hér fram. Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson heyrir mig segja það hér í ræðustól að það sé til fjöldi handskrifaðra punkta af þessum fundum sem hann segir að ef að ég greini ekki frá því hvað þar standi að þá sé ég ósannindamaður og það sé staðfest. Síðan þegar það er lesið hér upp og öðrum ber saman um það sem eru hér í þessum sal, að þá er það orðið alveg ótrúlegt hér og eru mikil læti út af því í borgarstjórnarsalnum að það sé verið að lesa þess punkta.

Þannig að hér var búið að eigna þessa gildru að ég væri ósannindamaður ef ég gæti ekki vísað í þessa punkta, svo þegar að það er gert að þá er það orðinn glæpur. Þetta er algjörlega með ólíkindum, sérstaklega vegna þess að fundargerðir stjórnkerfisnefndar liggja fyrir og það þarf ekkert að deila um þær, þær eru engir handgerðir punktar. Minnisblaðið eftir 10 fyrstu fundi stjórnkerfisnefndar liggur fyrir, það þarf ekkert að deila um það, það eru ekki handskrifaðir punktar. En það sem eru handskrifaðir punktar og ég var sagður vera ósannindamaður ef ég færi ekki yfir hér, eru punktarnir frá sameiginlegum fundi borgarráðs og stjórnkerfisnefndar frá 22. febrúar.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson lokið við að bera af sér sakir. Borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson óskar eftir að svara.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Gísli Marteinn Baldursson: Þetta mál er sárafjalt. Formaður stjórnkerfisnefndar kemur hérna upp og segir að ég, Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúi, að við þrjú höfum sagt okkur frá þessu samstarfi. Við þrjú könnumst ekki við það. Og það vill til að við þrjú vitum ágætlega hvað við þrjú segjum. Við könnumst ekki við það. Við komum öll hérna upp og neitum þessu. Við segjum nei, við sögðum okkur ekkert frá neinu samstarfi, af hverju segir þú það? Og þá brjálást borgarfulltrúinn yfir því að við skulum gerast svo ósvífin að biðja um að hann leggi eitthvað fram eða segi okkur hvar og hvenær við sögðum þetta. Auðvitað getur hann það ekki vegna þess að hann er að fara með staðlausa staf. Auðvitað getur hann ekki sagt hvar og hvenær við sögðum okkur frá þessu starfi af því að við gerðum það aldrei. Og þessi leikur sem borgarfulltrúinn heldur að hann geti leikið hér að slengja einhverju fram í umræðuna og halda að því verði ekki svarað er bara ekki góður fyrir neinn, ágæti borgarfulltrúi.

Við eigum að hafa rökræðuna á pínulítið hærra plani en þetta og mér þykir fyrir því að vera eyða þessum tíma í að elta ólar við þetta atriði, en það skiptir dálitlu máli hvort að minnihluti stjórnkerfisnefndar hafi raunverulega sagt sig frá samstarfinu eða ekki. Og þar sem við höfum ekki gert það þá er nauðsynlegt að hafa það sem sannara reynist í þessu. Og ég held reyndar að það sé ekki nokkur maður hér í salnum sem telur, að ég, Sóley Tómasdóttir og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir borgarfulltrúar höfum sagt okkur frá þessu starfi. Ég held að það sé ekki nokkur maður sem trúir þeirri yfirlýsingu borgarfulltrúans. Ekki einu sinni hans eigið fólk.

Þannig að ég held að það sé ágætt að við látum þetta bara niður falla. Við ætlum að halda áfram að vinna að stjórnkerfisbreytingum af trúverðugleika og heiðarleik. Það er ekki víst að við verðum alltaf sammála, en við ætlum ekki að segja okkur frá þeirri vinnu frekar en við höfum gert hingað til.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson lokið við svörun. Þá er andsvörum lokið. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætir borgarfulltrúar. Ég er eiginlega hálf miður mín yfir því leikriti sem að borgarfulltrúi Gísli Marteinn Baldursson er að setja hér upp. Þegar hann talar um að aðrir borgarfulltrúar vísvitandi séu að segja ósatt hér í þessum stól, ég á ekki til orð. Við erum hér að afgreiða tillögu um að sameina menntasvið, leikskólasvið og frístundahluta ÍTR og ég vona svo sannarlega að það verði samþykkt. Það er búið að búa hér til leikrit um einhver ósannindi sem eru ekki ósannindi og það er gert á vísvitandi hátt. Það er gert á vísvitandi hátt ef að eitthvað.

Ég er búin að vera í stjórnkerfisnefnd frá upphafi þessa kjörtímabils og setið sameiginlega fundi líka stjórnkerfisnefndar og borgarráðs bæði í desember og í febrúar. Stjórnkerfisnefnd vann mjög vel fyrstu mánuði á þessu kjörtímabili og var í stórum dráttum alveg sammála um það að við þyrftum öll að breyta þessu stjórnkerfi, af því að það er of flókið, það er of óaðgengilegt borgurunum og það er of dýrt og við verðum að hagræða og við erum öll sammála um það. Og ég held að þetta sé svona erfitt núna fyrir þessa borgarfulltrúa sem að hér sitja og eru að lýsa sig andsnúna þessari tillögu, vegna þess að þeir vita að það verður að endurskoða stjórnkerfið og þetta er rétt skref. En þeir geta ekki tekið þátt í því af því að þeir eru í minnihluta og vilja ekki bera ábyrgð. Ég held að það sé vandinn.

Á þeim fundi sem að haldinn var í stjórnkerfisnefnd og borgarráði 28. febrúar þá skrifaði ég orðrétt eftir borgarfulltrúum. Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi, hún sagði á þessum fundi og ég vitna núna í mína eigin dagbók, það er ekki nein opinber heimild og það er ekki nein fundargerð, en það hafa nú margir karlar skrifað ýmsar bækur út frá sínum dagbókum og ég ætla mér að leyfa mér að lesa hér upp úr minni eigin dagbók úr þessum fundi. Þá sagði Sóley Tómasdóttir borgarfulltrúi, samkvæmt minni dagbók, sem ég treysti: „Við vinnum ekki saman á forsendum annarra.“ Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi, hann sagði: „Við verðum að fá markmiðin fyrst.“ [Frammícall] Hanna Birna Kristjánsdóttir, hún sagði, samkvæmt þessu: „Nú er uppnám og tilfinningaríkt ástand og því ekki rétti tíminn. [Forseti slær í bjöllu] Við eigum ekkert í þessu, gerið þið þetta á eigin afli.“ Þetta er orðrétt haft eftir borgarfulltrúanum [frammícall]

Bstj. 21. júní 2011

Forseti: Borist hafa athugasemdir um að þetta sé brot á fundarsköpum og þetta sé ekki leyfilegt í þessum sal.

Björk Vilhelmsdóttir: Er þetta að vera óþægur ljár í þúfu? Ég lít svo á að borgarfulltrúarnir hafi sagt sig frá þessari vinnu, hafi ekki viljað vera með því það væri pólitískt óþægilegt fyrir þá. [Forseti slær í bjöllu] Það var uppnám, það var tilfinningaríkt ástand, þeir vildu ekki vera með. Sögðu að markmiðin væru óljós. Markmiðin voru ekki óljós, þau voru margskýrð.

Forseti: Það eru brot á fundarsköpum að lesa upp úr eigin dagbók.

Björk Vilhelmsdóttir: Úr eigin dagbók? Fyrirgefið þið. Hvenær eru dagbækur og minnispointar sem ég krotu á blöð eða í bók á fundum, er það ekki eitthvað sem ég má nota í minni ræðu, fyrirgefið þið?

Forseti: Ég ætla að biðja borgarfulltrúa um að vera ekki öskra hér yfir.

Björk Vilhelmsdóttir: Ég ætla að ljúka þessari ræðu minni, ég bara mátti til því að ég hérna skrifa stundum hjá mér ef mér blöskrar. Það er ekki oft sem ég skrifa svona hjá mér punkta, fyrirgefið þið. Ég geri það ef mér er einhvern veginn svona ofboðið. Þarna einhvern veginn sá ég það að við vorum bara komin á enda á því að það væri eitthvað mögulegt samstarf hægt um þessar stjórnkerfisbreytingar, af því að það væri ekki hægt því að fólk væri ekki tilbúið að taka ábyrgð. En markmiðin með stjórnkerfisbreytingum hafa verið alveg skýr frá upphafi í stjórnkerfisnefnd. Markmiðin sem eru með þessari tillögu sem hér er til atkvæðagreiðslu uppfylla þau markmið. Þannig að ég skora á fólk að styðja það að þetta svið verði sett á laggirnar af því að það gerir kerfið okkar einfaldara, hagkvæmara og miklu betra fyrir borgarbúa.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið máli sínu. Óskar borgarfulltrúinn eftir að bera af sér sakir? [Frammícall] Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir beðið um orðið.

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég hugsa að þetta sé í fyrsta skipti sem það gerist á fundum borgarstjórnar að borgarfulltrúi bara blákalt, bara beint fyrir framan forseta, án þess að forseti ávíti borgarfulltrúann og vísi honum úr stól, vegna þess að þetta er brot á siðareglum. Og ef að Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi er ekki meðvituð um það þá þarf hún að kynna sér málin betur. Auðvitað getur borgarfulltrúinn lesið upp úr privat dagbók sinni, en að lesa beint upp úr ummælum sem hún telur sig hafa eftir viðkomandi borgarfulltrúum. Hver er vitni fyrir því að þetta hafi yfirleitt verið sagt?

Óháð því, þá hvet ég borgarfulltrúann, vegna þess að hún braut hér og ætti að hafa vit á því að biðjast afsökunar á því, hún braut hér 6. grein í siðareglum borgarstjórnar sem hún hefur undirritað sjálf þar sem stendur orðrétt, með leyfi forseta: „Kjörnir fulltrúar virða trúnað um ummæli einstakra fundarmanna á lokuðum fundum í nefndum og ráðum Reykjavíkurborgar sem og ...“ og svo framvegis. Það er ekki heimilt að vitna í ummæli borgarfulltrúa inni á lokuðum fundum og þetta á borgarfulltrúinn að vita, annars gætum við hér öll setið með okkar privat dagbækur, verið á fundum saman og bara bókað eins og okkur þóknast og sagt síðan að við værum að lesa upp úr einhverju sem væri okkar eigin dagbók úr ummælum borgarfulltrúa.

Og ég óska eftir því að forseti borgarstjórnar ávíti borgarfulltrúann fyrir þessi brot á reglum. Og auðvitað gerði Dagur B. Eggertsson hið nákvæmlega það sama hér áðan, hann gerði það reyndar gagnvart starfsmanni. Hann leyfir sér að koma inn á fund og lesa upp úr minnisnotum starfsmanns sem aldrei hafa verið færðar til bókar, hvað þá að þær hafi verið samþykktar af þeim fundarmönnum sem sátu fundinn. Þessir minnispointar voru aldrei bornir undir þá sem sátu fundinn. Og það er með hreinum ólíkindum að reyndir borgarfulltrúar sem síðan yppta öxlum skuli leyfa sér það í hita leiksins að lesa hér orðrétt upp úr ummælum borgarfulltrúa. Og ég óska eftir því að báðir þessi borgarfulltrúar, og sérstaklega þó Björk Vilhelmsdóttir sem leyfir sér bara, Gísli Marteinn, innan gæsalappa sagði þetta. Þetta er brot á siðareglum borgarstjórnar sem borgarfulltrúinn undirritaði og ég hélt að hefðu eitthvert gildi.

Bstj. 21. júní 2011

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir óskað [frammícall] eftir að bera af sér sakir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég verð nú reyndar að viðurkenna það að ég hafði veitt hér heimild til þess að aflétta trúnaði af því sem að ég hafði sagt og gert í borgarráði og stjórnkerfisnefnd og það er vel. Og ég ætla bara að ræða aðeins það sem að ég hef að öllum líkindum sagt á þessum fundi án þess að ég hafi staðfestingu fyrir því og án þess að ég ætli eitthvað að afsaka það að hér séu lesin upp ummæli annarra, sem ekki hefur verið gert með leyfi þeirra.

En það að ég hafi sagt „við vinnum ekki saman á forsendum annarra“ get ég bara vel staðið við. Og ég óska eftir því að borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hlusti á meðan ég er að tala, þar sem ég er að bera af mér sakir sem að hún lagði fram. Ég óska eftir að borgarfulltrúinn hlusti. Ég get vel staðið við það að ég hafi einhvern tíma sagt það að við vinnum ekki saman á forsendum annarra. Ég geri ráð fyrir að ég hafi sagt eitthvað meira á þessum fundi heldur en þetta eitt. Ég geri ráð fyrir að þarna hafi ég verið að gagnrýna það að meirihlutinn setji eitthvað fram á sínum forsendum og leyfi okkur ekki að hafa áhrif á það. Vegna þess að það hefur ítrekað gerst. Taki ekki mið af okkar athugasemdum eða okkar sjónarmiðum í sinni vinnu. Það er það sem ég hef verið að vísa til. Og ef að það er [forseti slær í bjöllu] raunverulega þannig að Samfylkingin líti á það að við séum ekki tilbúin til þess að vinna með þeim á þeirra forsendum, [forseti slær í bjöllu] að það sé einhver endastöð samstarfs, þá held ég að Samfylkingin ætti aðeins að fara að endurskoða það með hvaða hætti hún telur sig geta unnið með fólki. [Forseti slær í bjöllu] Að sjálfsgöðu get ég unnið með fólki, en ég vinn ekki með fólki á annarra manna forsendum. Við það stend ég. En það er ekki og ég þvertæk fyrir að hafa sagt mig frá einhvers konar samstarfi, [forseti slær í bjöllu] ég hef bara óskað eftir að það sé unnið af [**Forseti:** Tíminn er búinn, útrunninn.] heilindum og með sjónarmið allra að leiðarljósi.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið við að bera af sér sakir. Óskað hefur eftir því borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir að bera af sér sakir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég ætla ekki að rífast um það hvað stendur í siðareglum borgarinnar þar sem að það á að fara leynt það sem fram kemur á lokuðum fundum. Ég var að lesa upp mína punkta af þessum lokaða fundi. Ég sagði það að það væri minn sannleikur ...

Forseti: Ég vil biðja borgarfulltrúa um að hafa hljótt.

Björk Vilhelmsdóttir: ... það sem að ég hefði skrifað upp. En það þarf líka að gera það að segja satt. Og þegar það er vísitandi verið að brigsla aðra um ósannindi og lygar á mjög grófan hátt, þá verður maður að svara fyrir sig. Og það var margítrekað óskað eftir því hvar það kæmi fram að fólk hefði sagt sig frá þessum hlutum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir lokið við að bera af sér sakir. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir með seinni ræðu.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég hafði nú ekki ætlað mér að taka aftur til máls, en sé ekki annað hægt eftir þá umræðu sem hér hefur verið og menn hafa nú farið mikinn í því. Mig langar, forseti, aðeins til þess að áréttta hvers vegna þetta er mikilvægt og hvet aftur forseta til þess að gera athugasemdir við það, enda algjörlega ótækt að það gerist hér að það sé vitnað með þessum hætti, annar vegar í privat minnispunkta frá starfsmönnum sem að hvergi geta hönd borið fyrir höfuð sér í því eða þá að hafa fengið þá fundargerð staðfesta.

Ég mun auðvitað athuga hvort að viðkomandi starfsmaður, eða fá þessa fundargerð frá honum, því ég hef aldrei séð hana og aldrei staðfest þessi orð sem ég ætla þó ekkert að draga í efa, en aldrei staðfest þessi orð frekar en aðrir borgarfulltrúar minnihlutans. Og ég hvet menn líka til þess að gæta sín á því, vegna þess að ég á samskonar dagbók og Björk Vilhelmsdóttir, ég hef setið hér marga oddvitafundi, ég hef setið hér marga borgarráðsfundi og ég hef setið hér marga undarlega fundi. Ég gæti svo sem farið að lesa upp úr þeim og athugað hvernig mönnum finnast slík vinnubrögð. Og nú segir aðstoðarmaður borgarstjóra eins og vanalega byrjar hann að gefa einkunn og segir; já, já. Já, ég skal gera það.

Ég hins vegar skrifaði undir plagg sem eru siðareglur borgarstjórnar, sem ég tek bara tiltölulega alvarlega, sem fjalla um það að mér er það ekki heimilt. Eina sem ég má vitna í úr fundargerðum eru formlegar fundargerðir. Formlegar fundargerðir sem hafa verið undirritaðar af þeim sem að sátu fundinn. Ég hef ekki heimild til þess að vitna í neitt annað. Og það er bæði í siðareglum og eins í sveitarstjórnarlögum og það er ekki að ástæðulausu sem það er þannig. En hér hafa menn brotið blað í því og bæði tekið hér starfsmann á skrifstofu borgarstjóra, hinn mætasta starfsmann, og fleygt honum inn í miðja svona umræðu og gert hann að einhverjum túlkunaraðila gagnvart því hvað var sagt inni á þessum fundi og boðbera einhverra tíðinda um afstöðu minnihlutans, sem ég efast um að hann hafi ætlað sér. Og síðan var nú enn nú gengið lengra þegar menn vitnuðu í eitthvað innan gæsalappa í eigin dagbók. Þetta er alveg nýtt hér og ég hvet okkur til þess

Bstj. 21. júní 2011

að reyna að viðhafa hér einhver vinnubrögð sem að samræmast samkomu af þessu tagi, en stilla þessu ekki upp í einhverja ráðstefnu um eitthvað allt annað.

Og það má vel vera að borgarfulltrúanum Degi B. Eggertssyni hafi sárnað og að það hafi fokið í hann, en það bara veitir honum enga heimild til þess að taka hér starfsfólk í Ráðhúsi Reykjavíkur, fleygja því inn í miðjan slaginn og gera þá eða þau ábyrg fyrir einhverju eða þá fyrir Björk Vilhelmsdóttur að taka privat dagbókina sína og fleygja henni inn í umræðuna. Það er bara óboðlegt með öllu. Eina sem að var hér sagt af hálfu minnihlutans og Dagur B. Eggertsson finnst mér, ég ætla ekki að saka borgarfulltrúann um ósannindi enda held ég að hann sé ekki meðvitað að segja ósatt, hins vegar segir borgarfulltrúinn, og það verður að segja b eftir að búið er að segja a, hann sagði hér og þá verður hann bara að viðurkenna það ef að það voru mismæli eða gengið of langt í orðræðunni, hann sagði: minnihlutinn sagði sig frá vinnunni í stjórnkerfisnefnd. Minnihlutinn hefur aldrei sagt sig frá vinnunni. Ef að hann hefði sagt sig frá vinnunni þá á að bóka þá sögn frá vinnunni inni í stjórnkerfisnefnd ellegar jafnvel ef að við værum að segja okkur frá vinnunni í stjórnkerfisnefnd, þá hefðu fulltrúar minnihlutans í stjórnkerfisnefnd farið úr nefndinni.

Þannig að borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson er búinn að draga upp einhverja mynd af þessu starfi sem er með hreinum ólíkindum. En það er svo sem ekki í fyrsta skipti sem borgarfulltrúanum tekst að snúa einhverju upp í átök um ekki neitt og í staðinn fyrir að bara taka skellinn á bringuna, eins og menn gera og segja; það skrifast þá á mig ef [frammícall], veistu það að það er hvergi bókað, það liggur hvergi fyrir í fundargerðum eða skjalfest af hálfu borgarfulltrúa minnihlutans, sem hljóta að hafa þann rétt að tala fyrir sig sjálfir en ekki í gegnum Hans Orra á skrifstofu borgarstjóra, hljóta að hafa þann rétt. Það liggur hvergi fyrir að þeir hafi sagt sig frá vinnunni. Og þá hafa þeir ekki sagt sig frá vinnunni, borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson, þá hafa þeir ekki sagt sig frá vinnunni.

Þeir eru ennþá í stjórnkerfisnefnd. Þeir vilja taka þátt í vinnunni en þeir voru ekki sammála því, til þess að draga kjarnann út úr þessari blessuðu umræðu, að fara í þessar stjórnkerfisbreytingar áður en heildarplanið lægi fyrir. Það var það sem umræðan snerist um. Og það er búið að gera það að einhverju allsherjar moldviðri. Borgarfulltrúa minnihlutans í stjórnkerfisnefnd sögðu; við viljum sjá heildarplanið

Bstj. 21. júní 2011

áður en við getum tekið afstöðu til þessa máls. Og það er ekkert óeðlilegt við það. En borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson er búinn að gera það að einhverju miklu stærra máli og borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson getur ekki þvingað þá niðurstöðu að menn hafi sagt sig frá vinnunni. Þeir hafa ekki sagt sig frá henni. Það er staðreyndin. Allir fulltrúarnir eru ennþá í stjórnkerfisnefnd. Fyrir liggur ekki neitt formlegt erindi um það og það skiptir í raun og veru engu máli hvernig einhverjir aðilar sem töluðu sig saman eftir fundinn upplifðu fundinn, það skiptir engu máli. Enginn hefur sagt sig frá vinnunni. Allir eru áfram í stjórnkerfisnefnd sem betur fer og það færi formanninum betur og færi betur á því að einu sinni reyndi þessi ágæti borgarfulltrúi að leiða ólík sjónarmið saman og sætta í staðinn fyrir að finna stöðugt eitthvað til þess að sundra fólki. Ef það er ekki til staðar að þá eru búnar til bókanir og afstaða um það að menn hafi sagt sig frá einhverju.

Og ég fór yfir það áðan, hæstvirti forseti og ætla ekki að gera það aftur, að við teljum og mér fannst sorglegt að heyra í borgarstjóra þegar hann sagði að það væri ekkert að þessum vinnubrögðum, að þetta væru fín vinnubrögð. Og þá er nú ekki til mikils metnaðar ætlast ef að borgarstjórinn er ánægður með þetta, nú þá getum við auðvitað ekki búist við mikið meira en þessu. Látum það vera. Við erum ósátt við vinnubrögðin. Við teljum að heildarplanið hefði átt að liggja fyrir áður. Þess vegna getum við ekki stutt þessar breytingar. Við teljum að það hafi illa verið komið fram við starfsfólk. Illa komið fram við stjórnendur. Og við vitum það alveg jafn vel og borgarstjóri. Við erum hér aðilar að þessu kerfi og við teljum að illa hafi verið staðið að framkvæmd þessa máls. Þess vegna getum við ekki stutt það.

Hins vegar hefur enginn sagt sig frá störfum í stjórnkerfisnefnd og það er einsdæmi að menn í pólitískum slag af þessu tagi geri það sem að gerðist hér í dag og ég vona að við gerum ekki aftur, að við förum að lesa hérna upp úr privat dagbókum eða hendum hér inn á fundinn minnisblöðum sem við í krafti stöðu okkar hér, Dagur B. Eggertsson sem formaður borgarráðs og formaður þessarar nefndar fær minnisblað, privat minnisblað frá starfsmönnum sem aðrir hafa ekkert aðgang að og það er bara lesið upp, takk fyrir. Það er nú eins gott að starfsmenn í Ráðhúsinu fari að vara sig á því sem fulltrúum þessa meirihluta er sagt. Það er eins gott að menn haldi því bara fyrir sjálfa sig. Því að annars eru þeir orðnir

Bstj. 21. júní 2011

aðilar að pólitísku karpi hér á þessum vettvangi og það er algjörlega óafsakanlegt að gera slíkt í báðum tilvikum.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarstjóri.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Borgarstjóri Jón Gnarr: Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Mig langar nú aðeins að koma inn í þessa umræðu hér um meirihluta og minnihluta og ummæli borgarfulltrúa Dags B. Eggertssonar, sem hafa nú verið hér umtalsefni margra. Nú sit ég ekki í stjórnkerfisnefnd, en eins og ég skildi þetta og eins og ég upplifði, að þá áttu sér stað samstarfs- og samskiptaörðugleikar innan nefndarinnar sem að ollu miklum erfiðleikum. Og þó svo að minnihlutinn hafi ekki sagt sig frá samstarfi með formlegum hætti, þá upplifði ég eða svona stóð í þeim skilningi að það væri ekki mikill samstarfsáhugi og kannski var það rangur skilningur hjá mér en hann var þessi.

Varðandi borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson og hans persónu að þá hefur mín upplifun á honum ekki verið sú að hann sé lyginn maður. Og mér finnst borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson frekar heiðarlegur maður af minni upplifun. Já, ég vildi nú bara svona nefna þetta.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Oddný Sturludóttir: Frú forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla ekki að lengja þessa umræðu mjög. Ég vil bara koma hér upp og lýsa yfir stuðningi mínum við nýtt skóla- og frístundasvið hjá Reykjavíkurborg. Ég hef undanfarin ár, allt frá því að ég tók sæti í borgarstjórn, setið í öllum þeim fagráðum sem snerta málefni barna og ungmenna hjá borginni, þ.e.a.s. menntaráði, leikskólaráði og íþróttá- og tómstundaráði og verð sífellt sannfærðari um það að það er mikilvægt að sameiginleg stefnumótun og mjög náð samstarf sé þarna á milli. Það er til heilla fyrir þróun þjónustunnar og til heilla fyrir börnin í borginni. Hér hafa aðeins komið fram áhyggjur af lögbundinni starfsemi á móti þá þeirri starfsemi sem er ekki lögbundin og það eru ósköp eðlilegar áhyggjur. En á það ber auðvitað að benda að á sviðum, bæði stórum og smáum, erum við að sinna lögbundinni starfsemi til jafns við aðra starfsemi.

Og ég upplifi það ekki þannig hvort sem það var á sameinuðu mennta- og leikskólasviði eða á leikskólasviði og menntasviði, eins og þau eru uppbyggð í dag að þar fái ólögbundnir þættir minni athygli heldur en aðrir, alls ekki. Við erum með allt mögulegt undir. Við erum með þjónustu dagforeldra. Við erum með námsflokka. Við eru með tónlistarskóla. Við erum með leikskóla. Við erum með grunnskóla. Og að sjálfsögðu er eitthvað eitt fyrirbæri næst hverju sinni. En það fer nú dálítið eftir verkefnunum líka og meðvitund, góðri verkstjórn og góðu skipulagi og hvað á maður að segja ráði, sem að fer með stefnumótun. Sem að fer með stefnumótun sem að hugar vel að því að við séum ekki að gleyma neinum mikilvægum þáttum. Þá hef ég ekki áhyggjur af þessum þætti.

Á hitt ber líka að líta að í menntaráðinu erum við gjarnan að fjalla um málefni frístundar. Í leikskólaráðinu gamla var gjarnan komið inn á málefni grunnskólans og öfugt og það er einfaldlega það sem gerir þetta nýja svið og þessa sameiginlegu stefnumótun svo spennandi að þetta káfar allt hvert upp á annað og lærdómsumhverfi barna er ein heild sem að sama hvað okkur finnst um stofnun þessa sviðs og hvernig að því var staðið, þá erum við alltaf að horfa á lærdómsumhverfi barna og velferð barna og eigum að gera það undir sama hatti.

Bstj. 21. júní 2011

Ég ætla aðeins að víkja að umsögn menntaráðs, Samfylkingarinnar og Besta flokksins; lesa aðeins upp úr henni áður en ég lýk máli mínu. Þar kemur fram, með leyfi forseta, að: „stefnur og starfsáætlanir bæði menntasviðs, leikskólasviðs og íþróttá- og tómsfundasviðs kveða allar að þeirri framtíðarsýn að skólarnir í borginni vinni saman óháð eða þvert á skólastig og að frístundastarf komi inn í skóladaginn.“ Þar er einnig tekið undir þau sjónarmið úr skýrslu þeirra sem lögðu gjörva hönd á plóg við að undirbúa þessa tillögu, að: „sameiginleg stefnumótun stuðlar að því að sameina krafta ólíkra fagstétta og með samvinnu þessara stétta gefst betra tækifæri til þess að koma til móts við þarfir og áhuga hvers barns fyrir sig.“

Og svo má kannski geta þess að öll þróun í skólamálum, bæði samþykkt lög um leik- og grunnskóla frá 2008 sem og sú þróun sem hefur átt sér stað. Og ég veit að margir hér inni horfðu á mjög góðan þátt um skólamál sem var á dagskrá ríkissjónvarpsins núna á þessari önn, frekar snemma á þessari önn. Það er nú ekki alltaf sem ríkissjónvarpið gerir skólamálum eða málefnum mennta- og frístunda góð skil. En þarna var þriggja tíma mjög langur þáttur með miklum postulum úr mennta- og frístundageiranum og það var algjör samhljómur á milli þess ágæta fólks sem tók þar til máls og sat í pallborði úti í sal, að við eigum alltaf að vera að vinna þéttar og þéttar saman og stefna alltaf í þá átt að samþætta og líta á frístund og skóla sem eina heild.

Mig langar að þakka þeim sem hafa lagt mikla vinnu við að undirbúa þetta nýja svið og þeirri vinnu er auðvitað ekki lokið og margir sem munu koma að því þar til að yfir lýkur. Og ég hlakka til að takast á við sameiginlega stefnumótun í málefnum barna og ungmenna í Reykjavík.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Oddný Sturludóttir lokið máli sínu. Það hefur verið óskað eftir því að borgarfulltrúi verði víttur og vil ég gera stutt fundarhlé til að fara yfir viðkomandi.

Forseti: [Forseti hringir bjöllu] við höldum áfram fundi. Forsætisnefnd er búin að ræða málin og fara yfir hlutina. Forseti vill biðja borgarfulltrúa að gæta betur orða sinna á þessum fundi sem öðrum fundum í borgarstjórnarsal Reykjavíkur. Þá tekur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir til orða.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Aðeins vegna fundarskapa og fundarstjórnar forseta, þá vil ég vegna þess að ég nefndi það fyrir hönd borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins að ég sæi ástæðu og reyndar held ég að borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir hafi verið sammála okkur um það, að það væri ástæða til þess að ávíta vegna ummæla sem hér féllu, þar sem var vitnað orðrétt í það sem borgarfulltrúar eiga að hafa sagt og slíkt er óheimilt, bæði samkvæmt siðareglum en eins með ákveðnum hætti samkvæmt samþykktum. Hins vegar vil ég bara þakka forseta fyrir að leysa málið með þessum hætti og gera þannig athugasemdir við að þannig sé farið frjálsglega með vinnubrögð hér og vænti þess að við reynum að vinna betur úr því á komandi fundum. Þannig að frekari eftirmálar af þessu verða ekki af okkar hálfu og málið er leyst í góðri sátt vonandi.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Hanna Birna Kristjánsdóttir lokið máli sínu. Næst tekur til máls borgarstjóri. Ég vil biðjast afsökunar. Næstur á mælendaskrá er borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir. Fyrirgefið þið.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Þetta hefur verið hressandi umræða. Ég ætla svo sem ekkert að fara frekar yfir það að við Vinstri græn lýsum okkur andvíg þeirri tillögu sem hér liggur til samþykktar. Við höfum rökstutt það ágætlega og ég tel miður að meirihlutinn skuli ætla að halda sínu til streitu. Ég vil þó eftir allt það sem á undan er gengið hér áréttu vilja minn til áframhaldandi samstarfs við meirihlutann í stjórnkerfisnefnd sem og öðrum nefndum. Og tel mjög brýnt að við reynum að útfæra allar breytingar, allar samþykktir og allar ákvarðanir sem við tökum hér þannig að um þær ríki sátt.

Auðvitað gengur það ekki í öllum tilfellum. En það þýðir ekki það að ef við erum ósammála að við segjum okkur frá öllu starfi til framtíðar. Það hef ég aldrei gert. Ég vil bara að það komi hér einu sinni enn fram: Ég hef aldrei sagt mig frá störfum í stjórnkerfisnefnd frekar en öðrum nefndum borgarinnar. Ég hef gagnrýnt vinnubrögð meirihlutans og ég mun gera það ef ég tel tilefni til til framtíðar. Ég stend við það sem Björk Vilhelmsdóttir borgarfulltrúi hafði eftir mér, en tel eðlilegt að setja það í samhengi við annað, eins og ég gerði hér áðan. Ég vonast til þess að við getum reynt að leysa úr þeim ágreiningi sem hér hefur komið upp og að við reynum að finna einhverja leið til þess að vinna saman að frekari stjórnkerfisbreytingum. Ég vonast til þess að formaður stjórnkerfisnefndar boði til fundar og það verði farið að funda með reglulegum hætti í þessari ágætu nefnd, þar sem við getum þá bara skipst á skoðunum og reynt að komast að einhverju samkomulagi um það sem framundan er.

En áður en að ég lýk máli mínu vil ég vekja athygli á því, að borgarstjóri hefur ekki svarað spurningu minni sem að ég varpaði fram hér í upphafi um viðhorf frístundastarfsfólks, þegar að hann fór í heimsóknir á frístundamiðstöðvarnar. Ég myndi mjög gjarnan vilja heyra í borgarstjóra aðeins um það hvernig viðmót starfsfólks frístundamiðstöðva var gagnvart þessari tillögu sem að nú stendur til að samþykkja. Hvort að það hafi ríkt almenn ánægja með hana eða hvort að hann hafi mætt mótstöðu. En ég er hörð á minni skoðun og okkar Vinstri grænna að við teljum þessa tillögu alls ekki geta orðið til þess að bæta frístundastarf í borginni. Við teljum að með þessu sé verið að slíta í sundur frístundastarf í borginni og

Bstj. 21. júní 2011

sundra sameiginlega og mikilvæga vettvangi sem frístundafræðingar hafa haft til þess að þróa áfram þjónustu við fólk á öllum aldri er varðar frítímaþjónustu.

Forseti: Þá hefur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir lokið máli sínu. Þá tekur til máls borgarstjóri.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Borgarstjóri Jón Gnarr: Frú forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú byrja á því að hrósa forseta fyrir skelegga fundarstjórn við erfiðar aðstæður í upphafi forsetatíðar. Og ég vil líka segja að ég fagna þeim samvinnutóni sem að ég heyrir hér í fólki og fagna ummælum borgarfulltrúa Sóleyjar Tómasdóttur hér áðan, að hún lýsti sig fúsa til samvinnu og að sjálfsögðu hefur hún allan rétt til þess að vera gagnrýnin og vefengja það sem að meirihlutinn er að gera og virði ég það.

Ég vil líka nota tækifærið og biðja borgarfulltrúann og aðra borgarfulltrúa afsökunar á því, eins og borgarfulltrúinn kom inn á í máli sínu, að þá hef ég ekki ennþá svarað spurningu hennar. Það er nú oft beint til mín spurningum, bæði beint og líka óbeint og stundum er það líka þannig að ég átta mig oft ekki á því að um raunverulega spurningu hafi verið að ræða, en það var nú ekki svo í þessu tilfalli. Borgarfulltrúinn spurði mig hvert viðmót og viðhorf starfsfólks frístundamiðstöðvanna hefði verið til þessara hugmynda. Og viðmótið var mjög misjafnt.

Auðvitað þegar um svona umfangsmiklar breytingar er að ræða þá verður fólk mjög eðlilega órótt. En mér fannst og mér hefur fundist ríkja sá skilningur og ég skynja það hjá starfsfólki að ástæða væri til breytinga, en kannski ekki allir sammála um það hvernig breytingarnar ættu að vera eða með hvaða hætti þær ættu að fara fram. Og sumir hafa séð möguleika á að kannski sameinast öðru sviði heldur en menntasviði og hafa verið ólíkar skoðanir. En allir hafa lýst sig tilbúna til samvinnu og fá að koma að vinnuferlinu. En þá tel ég nú að ég sé búinn að svara þessari spurningu og ætla ekki að hafa orð mín fleiri í bili. Takk fyrir.

Forseti: Þá hefur borgarstjóri lokið máli sínu. Þá ber forseti upp tillögu að stofnun skóla- og frístundasviðs. Þeir borgarfulltrúar sem samþykkja tillöguna gefi merki. Einhverjir á móti. Tillagan telst því samþykkt með 9 atkvæðum gegn 6 atkvæðum. Þá er bókun frá Vinstri grænum. Gjörð svo vel að kynna hana.

Bstj. 21. júní 2011

6. mál Stofnun skóla- og frístundasviðs, sbr. 33. lið fundargerðar borgarráðs frá 9. júní

Sóley Tómasdóttir: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég ætla að lesa upp bókun Vinstri grænna sem er svohljóðandi, með leyfi forseta:

Stjórnkerfisbreytingar meirihluta Besta flokks og Samfylkingar eru afar varhugaverðar. Engin heildarsýn liggur fyrir, heldur á að þjósna í gegn breytingum á þremur sviðum sem veita viðkvæma þjónustu við yngstu aldurshópa borgarinnar með litlum undirbúningi á skömmum tíma. Að mati Vinstri grænna hefði vel mátt sameina mennta- og leikskólasvið undir einn hatt, enda væri þannig hægt að skapa aukna samfellu í menntun og uppeldi barna á sviði sem áfram gæti staðið undir nafni sem fagsvið, en frístundastarfið á ekki heima á sama stað. Menntun og frístundir eru í eðli sínu andstæður. Menntun er vinna barnanna okkar og á lítið skylt við frítímamann. Frítíminn er sjálfstætt fyrirbæri sem börn eiga að geta nýtt og notið eins og þeim lystir og út frá þeirri hugmyndafræði hefur starfsfólk íþróttá- og tómstundasviðs unnið afar merkilegt þróunarstarf undanfarin 10 ár. Með flutningnum er vegið að þessari þróun og hætt við að mörkin milli vinnu og frítíma máist út. Með stofnun sviðsins er sú heild sem sköpuð hefur verið á íþróttá- og tómstundasviði slitin í sundur. Ylströnd og Siglunes, Hitt húsið og Fjölskyldugarðurinn hafa gegnt veigamiklu hlutverki í frístundastarfi með börnum og unglingum sem verður erfiðara að sinna til framtíðar. Auk þess er framtíðarsýn frístundamiðstöðva sett í uppnám, þar sem ekki gefst kostur á að þróa áfram starf fyrir alla fjölskylduna, né heldur að tvinna saman frístundir ungra og aldinna. Nýtt svið mun ekki vera raunverulegt skóla- og frístundasvið, því frístundaþjónustu verður dreift á þrjú fagsvið borgarinnar, velferðarsvið, íþróttá- og tómstundasvið og nýtt skóla- og frístundasvið. Með þessu er þannig verið að gera lítið úr frístundafræðum sem fagi, enda verður enginn samstarfs- eða þróunarvettvangur til staðar á vettvangi Reykjavíkurborgar. Sviðið verður stærra en eðlilegt getur talist, hvort heldur sem lítið er til mannauðsmála, fjármála eða stjórn mála og líklegt að þjónustan komi til með að líða fyrir það. Erfitt verður að tryggja jafnræði milli ólíkra starfseininga, yfirsýn stjórnmalafólks verður ekki til staðar og forgangsröðun fjármuna mun krefjast meiri yfirlegu en áður hefur sést. Vinnubrögð meirihlutans hafa verið til skammar í þessu máli, samráðsleysi algert og faglegar ábendingar ítrekað hunsaðar. Borgarfulltrúi Vinstri grænna getur hvorki fallist á hugmyndafræðina né vinnubrögðin og greiðir því atkvæði gegn tillögunni.

Forseti: Þá hefur fulltrúi Vinstri grænna lokið við að kynna bókun sína. Og fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa líka boðað bókun. Vilja þeir kynna sína bókun. Ekki hafa fleiri beðið um orðið undir þessum lið og honum er lokið. Þá loksins komum við að 7. lið á dagskrá, sem er orkuáðgerðaáætlun skv. loftslagssáttmála sveitarfélaga, sbr. 15. lið fundargerðar borgarráðs frá 26. maí og 3. lið fundargerðar borgarstjórnar frá 7. s.m. Frummælandi er borgarfulltrúi Karl Sigurðsson.